

# Gagnsemi dönskukennslu á Íslandi

- Græðum við eitthvað á því að læra dönsku? -

Heimir Eyvindarson

Kolbrún Guðmundsdóttir



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.Ed.-gráðu í grunnskólakennarafræði  
við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Apríl 2010

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

# Gagnsemi dönskukennslu á Íslandi

- Græðum við eitthvað á því að læra dönsku? -

Heimir Eyvindarson

140468-4799

Kolbrún Guðmundsdóttir

100584-2639

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið

Kennaradeild, grunnskólakennarafræði

Apríl 2010

# Útdráttur

Viðfangsefni þessarar rannsóknarritgerðar er, eins og nafnið gefur til kynna, gagnsemi dönskukennslu á Íslandi. Rannsóknarspurningin sem lögð er til grundvallar er svohljóðandi: *Hvernig nýtist dönskukennsla í íslenskum skólum nemendum sem halda til Danmerkur til náms eða annarra starfa?*

Rannsóknin var með því sniði að annars vegar var lagður fyrir spurningalisti með lokuðum spurningum. Svarendur voru einstaklingar sem höfðu búið um lengri eða skemmri tíma í Danmörku og taldi þessi hópur um 80 manns. Hins vegar voru tekin opin viðtöl við stjórnendur sex skóla í Danmörku þar sem íslenskir nemendur hafa setið á skólabekk. Markmiðið með rannsókninni var að reyna að sjá hvort íslenskir nemendur í námi í Danmörku hefðu forskot á aðra erlenda nemendur sem sækja þar nám og einnig að sjá hvernig Íslendingar spjara sig í dönsku hversdagslífi, eftir þá dönskukennslu sem þeir hafa fengið hér heima.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að málbeitingarhæfni Íslendinganna, hæfni til að tjá sig í töluðu og rituðu máli, er ábótavant. Sérstaklega á það við um hið talaða mál, en íslenskir námsmenn virðast eiga í talsverðum vandræðum með munnlega þáttinn. Íslendingarnir telja sig standa betur hvað varðar viðtökuhæfnina, en það er hæfnin sem snýr að viðtökupáttum málsins; lestri og hlustun. Þar sem við gáfum þátttakendum möguleika á að setja inn athugasemdir í ákveðnum spurningum fengum við til viðbótar hugmyndir til að gera kennsluna áhugaverðari og betur við hæfi þeirra sem setjast að í Danmörku síðar á lífsleiðinni.

## Formáli

Ritsmíð þessi er lokaverkefni okkar til B.Ed. -gráðu í grunnskólakennarafræðum á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Þetta rannsóknarefni var valið af því að okkur langaði að skoða gagnsemi dönskukennslunnar á Íslandi með tilliti til þess hvort íslenskir nemendur gætu staðið undir þeim kröfum sem danskt skólakerfi gerir til nemenda. Við ákváðum að skoða ekki eingöngu þá sem fara utan til náms því vissulega þurfa allir sem flytja til útlanda að ná að fóta sig í tungumáli nýja landsins.

Leiðbeinandi okkar var Michael Dal, lektor í dönsku á menntavísindasviði H.Í. Færum við honum bestu þakkir fyrir hvatningu og góða leiðsögn. Leiðbeinandi í aðferðafræðihluta verkefnisins var Meyvant Þórólfsson, lektor á Menntavísindasviði H.Í. Kunnum við honum einnig okkar bestu þakkir. Að lokum viljum við þakka þátttakendum fyrir sinn þátt í rannsókninni, bæði þeim sem búa hér heima og í Danmörku.

Hveragerði, 1. apríl 2010

Heimir Eyvindarson og Kolbrún Guðmundsdóttir

# Efnisyfirlit

Útdráttur .....	2
Formáli .....	3
Efnisyfirlit .....	4
Töflu- og myndayfirlit.....	6
1. Inngangur.....	7
1.1 Saga dönsku á Íslandi.....	7
1.1.2 Af hverju lærum við dönsku?.....	7
1.1.3. Kennslufræði erlendra tungumála.....	9
1.1.4. Færniþættir.....	10
1.1.5. Kennsluaðferðir.....	12
1.2 Ástæður fyrir vali á rannsóknarefni .....	14
1.3 Fyrri rannsókn .....	15
1.3.1. Hverju ætlum við að bæta við?.....	16
2. Fræðilegt samhengi .....	17
3. Rannsóknin .....	18
3.1. Rannsóknarspurningin .....	18
3.2. Rannsóknin – aðferð .....	18
3.2.1. Spurningalistakönnunin.....	19
3.2.2. Þátttakendur í spurningalistakönnuninni.....	20
3.2.3. Viðtöl við skólastjórnendur.....	23
3.3. Greining niðurstaðna.....	24
4. Helstu niðurstöður .....	25
4.1. Niðurstöður úr spurningalistakönnun .....	25
4.1.1. Svör þátttakenda við spurningum um dönskunám á Íslandi.....	25
4.1.2. Svör þátttakenda við spurningum um veruna í Danmörku.....	29

4.1.3. Áherslur í dönskunámi þátttakenda, í ljósi reynslu þeirra af því að lifa og starfa í Danmörku.....	36
4.2. Niðurstöður úr viðtölum við skólastjórnendur.....	38
5. Umræður.....	41
5.1. Viðhorf til dönskukennslu – dönskunám á Íslandi .....	41
5.2. Færniþættirnir fjórir .....	42
5.3. Hvernig gekk í Danmörku?.....	44
5.4. Okkar ályktanir.....	45
5.5. Var rannsóknarspurningunni svarað? .....	48
6. Lokaorð .....	49
Heimildaskrá .....	50
Fylgiskjal 1 .....	53
Fylgiskjal 2 .....	59

## **Töflu- og myndayfirlit**

Mynd 1 .....	21
Mynd 2 .....	21
Mynd 3 .....	22
Mynd 4 .....	23
Mynd 5 .....	25
Mynd 6 .....	26
Mynd 7 .....	27
Mynd 8 .....	28
Mynd 9 .....	28
Mynd 10 .....	30
Mynd 11 .....	30
Mynd 12 .....	31
Mynd 13 .....	32
Mynd 14 .....	32
Mynd 15 .....	33
Mynd 16 .....	34
Mynd 17 .....	36
Mynd 18 .....	38

# 1. Inngangur

Í fyrri hluta ritgerðarinnar er farið í grófum dráttum yfir sögu dönskukennslu á Íslandi. Helstu ástæður þess að danska er kennd í grunn- og framhaldsskólum hérlendis og ýmis rök sem hafa verið færð fyrir því af hverju við erum látin læra dönsku. Þar lítum við fyrst og fremst til fyrirliggjandi rannsókna og heimilda um efnið. Í seinni hlutanum fjöllum við um rannsókn sem við gerðum á gagnseminni dönskukennslu á Íslandi. Hún er annars vegar byggð á spurningalistakönnun sem við lögðum fyrir 80 manns sem hafa búið um lengri eða skemmri tíma í Danmörku og hins vegar á opnum viðtölum sem við tókum við sex skólastjórnendur í dönskum háskólum. Í þeim viðtölum leituðum við álits þeirra á því hvernig Íslendingar sem hafa stundað nám við þeirra skóla væru í stakk búnir til að takast á við nám á dönsku, en Íslendingar njóta þess sem Norðurlandabúar að geta sest beint á skólabekk í dönskum háskólum. Þeir þurfa ekki að þreyta inntökupróf eða fara í fornám í dönsku eins og nemendur utan Norðurlandanna þurfa að gera. Í könnuninni var leitast við að komast að því hvort sú danska sem kennd er hér á Íslandi gagnist þeim sem fara til Danmerkur til náms eða starfa.

## 1.1 Saga dönsku á Íslandi

Segja má að danska hafi tengst íslensku skólastarfi allt frá upphafi þess, enda voru Íslendingar þegnar danska ríkisins fram á miðja síðustu öld. Danska var því mikilvæg Íslendingum til samskipta og einnig til mennta því fræðirit t.a.m. fyrir iðngreinar voru eingöngu fánleg á dönsku, en ekki íslensku. Íslendingar sóttu nám til Danmerkur eða í gegnum Dani á Íslandi í hundruði ára. Íslendingar gátu, vegna kunnáttu sinnar í dönsku, fylgst vel með stefnum og straumum, sem komu frá Evrópu allri, í gegnum Danmörku og hafði það áhrif á Íslandi. Það var þó ekki fyrr en árið 1960 sem danska var formlega skilgreind sem fag í grunnskóla, en frá þeim tíma og fram til loka 20. aldarinnar var danska fyrsta erlenda tungumálið í íslenskum grunnskólum (Auður Hauksdóttir, 2001:145).

### 1.1.2 Af hverju lærum við dönsku?

Í Aðalnámskrá árið 1999 var enskan sett í fyrsta sæti erlendra tungumála í íslenskum grunnskólum (Aðalnámskrá grunnskóla, 1999). Má á nokkurn hátt segja að danskan hafi átt



í vök að verjast æ síðan. Danska er nú annað erlenda tungumálið sem nemendur læra í grunnskólum á Íslandi og hún er einungis kjarnagrein á einni námsbraut í framhaldsskólum (Aðalnámskrá framhaldsskóla, 2004).

Fyrr á tímum var dönskukunnátta Íslendingum nauðsynleg, enda Ísland hluti danska konungsríkisins. Enn í dag er kunnátta á norrænu tungumáli, öðru en íslensku, lykill að samstarfi Norðurlandþjóða á fjölmörgum sviðum, s.s menningarmálum, stjórnámum, félagsmálum og síðast en ekki síst menntámálum. Bæði er um að ræða formlegt samstarf norrænna þjóða sem fram fer á vegum Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar og svo óformlegt samstarf. Þar má nefna sem dæmi vinabæjasambönd og samskipti milli allskyns félagasamtaka.

Í gildandi Aðalnámskrá grunnskóla, frá árinu 2007, segir að með námi í dönsku sé stuðlað að því að viðhalda og efla tengsl við Norðurlönd (Aðalnámskrá grunnskóla, 2007). Samskipti við frændþjóðir okkar á Norðurlöndunum eru samofin sögu okkar sem þjóðar og eru órjúfanlegur hluti arfleifðar okkar. Þar skipa menntamálin vissulega stóran sess, en samskiptin ná þó yfir flest svið mannlífsins. Markaðssvæði Norðurlandanna er stórt og viðskipti innan þess mikil. Þar er ferðaþjónusta vaxandi þáttur, en Norðurlandabúar eru afar duglegir að sækja Ísland heim. Nýlegar kannanir sýna að um það bil fjórði hver ferðamaður sem heimsækir Ísland er Norðurlandabúi og því eðlilegt að gestgjafarnir geti tjáð sig á Norðurlandamáli við gestina (Ferðamálastofa, 2010). Sömuleiðis eru Íslendingar duglegir að ferðast til Norðurlandanna, sérstaklega Danmerkur. Í því sambandi má nefna að íslensk flugfélög fljúga 5-7 ferðir á dag til Kaupmannahafnar einnar (Keflavíkurflugvöllur, 2010).

Það að hafa vald á norrænu tungumáli og þekkja aðra menningu, sem stendur okkur svo nærri, opnar gríðarlega mikla möguleika fyrir ungt fólk, en margir ungir Íslendingar hafa í gegnum tíðina sótt sumarstörf til Norðurlandanna eða farið í nám. Á grundvelli samninga milli Norðurlandanna þurfa íslenskir námsmenn ekki að greiða skólagjöld í opinberum háskólum á Norðurlöndum (Norden, 1996). Þá njóta íslenskir námsmenn þess einnig að vegna þess að danska er kennd í íslenskum grunn- og framhaldsskólum þurfa þeir ekki að þreyta sérstök, kostnaðarsöm inntökupróf til að sýna fram á dönskukunnáttu sína og hæfni. Auk þessa styrkir danska ríkið dönskukennslu í íslenskum skólum um 2,5 milljónir danskra

króna árlega, en styrkurinn er m.a. notaður til að fjármagna námsefnisgerð, endurmenntun kennara, stöðu sendikennara og útsends lektors við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (Menntamálaráðuneytið, 2007).

Hér hafa verið nefndar ýmsar ástæður þess hvers vegna Íslendingar læra dönsku í grunn- og framhaldsskólum. Oft er það svo að Íslendingar átta sig ekki á mikilvægi þess að hafa vald á dönsku, eða öðru Norðurlandamáli, fyrr en grunn- og framhaldsskólagöngu þeirra er lokið. Tungumálakönnun sem Menntamálaráðuneytið gerði árið 2001 sýnir t.d. að nær helmingi fleiri Íslendingar á aldrinum 30-67 ára telja mikilvægt að hafa vald á dönsku en landar þeirra í aldurshópnum 18-29 ára (Menntamálaráðuneytið, 2001). Það er því eðlilegt að velta því fyrir sér hvers vegna yngra fólki er danskan ekki eins hugleikin og því eldra. Þá berast böndin að þeim áherslum sem lagðar eru til grundvallar í dönskukennslu hérlendis.

### **1.1.3. Kennslufræði erlendra tungumála**

Áherslur í kennslufræði erlendra tungumála hafa breyst nokkuð á síðustu 30-40 árum. Sú þróun sem átt hefur sér stað hefur leitt í ljós að engin ein leið til að kenna erlent tungumál virðist betri en önnur. Ein veigamesta breytingin sem orðið hefur á umliðnum árum er sú að nú er nemendum falin aukin ábyrgð á eigin námi og hverjum og einum gert að finna leið sem hentar honum sjálfum við námið. Þá er meiri áhersla lögð á það, að nemendur séu virkir í námi sínu, en áður fyrr var algengt að nemendur væru óvirkir viðtakendur fróðleiks sem hinn alvísi kennari þuldi yfir þeim frá töflunni. Nú þykir betra að kennarinn leiði nemendur að náminu í stað þess að mata þá algerlega eins og áður fyrr. Þetta er í anda Lev Vygotsky og fleiri upphafsmanna hugsmíðahyggjunnar svonefndu (Tornberg, 2001:26).

Segja má að í seinni tíð hafi tungumálanám á margan hátt þróast yfir í að vera í anda hugsmíðahyggjunnar sem hugsuð er út frá hugmyndum áðurnefnds Vygotskys, Jean Piaget og fleiri fræðimanna. Hugsmíðahyggjan byggir á þeirri grundvallar kennslufræði að nemendur læri með því að byggja við fyrri þekkingu. Hlutverk kennarans er því að styðja við nemandann og vekja upp spurningar hjá honum. Hann þarf að kanna fyrri þekkingu hjá nemandanum og hjálpa honum að þróa sínar eigin hugmyndir. Námsumhverfið þarf að vera örvandi og vera þannig að nemendur geti tileinkað sér þekkingu á ákveðnum sviðum.

Það skiptir sem sagt máli að meta hvernig nemendur öðlast þekkingu en ekki bara hvaða þekkingu þeir hafa tileinkað sér (Þuríður Jóna Jóhannsdóttir, 2009).

Mismunandi túlkun hvers og eins getur haft áhrif á þróun kennslu í tungumálum þar sem ekki er sjálfgefið að allir leggi sömu merkingu í hugtök. Samfélagið hefur oft áhrif á hvað telst mikilvæg þekking og skilar það sér oftast en ekki út í námskrár skólanna. Í alþjóðlegu samfélagi, eins og við búum nú í, er áherslan á mikilvægi þess að geta haft samskipti við nágrannapjóðirnar mikil. Sést það glöggt í þeim lokamarkmiðum sem Menntamálaráðuneytið setur grunnskólunum. Í Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2007 eru talin fram lokamarkmið í dönsku í grunnskóla. Nokkuð mörg þeirra atriða sem nemendur þurfa ýmist að hafa tileinkað sér, eða náð tökum á, tengjast einmitt samskiptum. Þessi markmið eru nokkuð víðtæk og til að geta náð þeim þarf mikla og góða þjálfun í færniþáttunum fjórum sem eru; lestur, hlustun, skrift og tal. Til viðbótar við færniþættina fjóra er kunnátta í málfræði og almenn þekking um menningu og siði Dana lögð til grundvallar. Lögð er áhersla á að samræma sem mest notkun allra færniþáttanna til að úr verði heildstætt nám. Til að samræmast viðmiðunarramma Evrópuráðsins var tekin upp sú nýbreytni að skipta töluðu máli í tvennt. Annars vegar í talað mál-framsögn og hins vegar talað mál-samskipti, en þessi breyting sýnir að vægi talaðs máls í þeim ramma sem dönskukennslu er búin hér á landi er orðið meira (Aðalnámskrá grunnskóla, 2007).

#### **1.1.4. Færniþættir**

Í gildandi Aðalnámskrá grunnskóla segir að undirstöðupættir hvers tungumáls séu málkerfið og orðaforðinn. Þessir undirstöðupættir eru þó ekki settir fram sem sértækt markmið heldur er bent á að þeir séu samofnir færniþáttunum fjórum. Fræðimenn eru flestir sammála kenningum málfræðingsins Noam Chomsky, sem heldur því fram að maðurinn hafi meðfædda hæfileika til að læra tungumál og því sé eðlilegast að læra nýtt tungumál í sömu röð og móðurmálið lærist. Byrja á því að hlusta, reyna síðan að tala, því næst að lesa og að endingu skrifa (Chomsky, 2000; Aldís Guðmundsdóttir, 1997:213-214). Í samræmi við þessa röð er áhersla á tjáskiptaþættina hlustun og tal heldur meiri en á lestur og skrift, í námsmarkmiðum byrjendakennslu í dönsku (5. og 6. bekkur) í gildandi Aðalnámskrá, en

eftir því sem ofar dregur verður áherslan á færniþættina jafnari (Aðalnámskrá grunnskóla, 2007).

Hlustun skiptir miklu máli í tungumálanámi því með því að hlusta heyra nemendur framburð, áherslur og hljómfall. Auk þess fá nemendur betri tilfinningu fyrir málinu og orðaforði síast inn. Til að hlustunin skili sem mestum árangri er mikilvægt að hafa úrvinnslu verkefna sem fjölbreyttasta og nota tungumálið eins mikið og kostur er. Það stuðlar að virkri hlustun (Aðalnámskrá grunnskóla, 2007). Á það hefur verið bent að staða dönskunnar sé ólík enskunni að því leyti að danskan heyrir ekki eins víða í þjóðfélaginu og enskan. Þess vegna er enn mikilvægara að danskan sé það tjáskiptamál sem notast er við í skólastofunni (Auður Hauksdóttir, 2007:160).

Árið 2007 varð sú breyting í Aðalnámskrá grunnskólanna að talað mál var greint í tvo undirþætti, frásögn og samskipti. Þessi breyting var gerð til að samræmast viðmiðunarramma Evrópuráðsins. Til að talað mál og samskipti verði eðlilegur hluti námsins er nauðsynlegt að erlenda tungumálið sé notað sem mest frá upphafi námsins. Í fyrstu eru kröfurnar litlar og aðeins þjálfuð atriði eins og almenn kurteisi og einföld orðasambönd, en eftir því sem líður á kennsluna er gerð meiri krafa um málfar. Eitt af því sem einkennir samskipti er að þau eru ekki fyrirsjáanleg og þess vegna er mikilvægt að gefa nemendum raunveruleg tækifæri til að tjá hugsanir sínar, skoðanir og tilfinningar. Nemendur þurfa einnig að venjast því frá upphafi að segja frá. Það er eins með báða færniþætti talaðs máls að í upphafi eru kröfurnar litlar en aukast til muna þegar nálgast er lokamarkmið (Aðalnámskrá grunnskóla, 2007).

Lestur er þriðji færniþátturinn sem hér er fjallað um, en við lestur eykst tilfinning nemenda fyrir málinu. Við val á lestrarefni þarf þó að hafa margt í huga, s.s. þyngd textans, innihald textans og aldur lesenda. Einnig þarf að vera skýrt fyrir fram til hvers er ætlast af nemendum eftir lesturinn, þ.e. hvernig lestraraðferð nemendur eiga að beita og hvernig verkefni þeir eigi að leysa að loknum lestri. Talað er um fjórar tegundir lesturs í Aðalnámskrá grunnskóla 2007 fyrir erlend tungumál. Yfirlitslestur, leitarlestur, nákvæmnislestur og hraðlestur og fylgir það eðli verkefnisins, sem á eftir kemur, hvernig nemendur eiga að lesa textann. Úrvinnsla texta þarf að vera fjölbreytt og virkja þarf þá

þekkingu sem kann að vera fyrir hendi hjá nemendum. Til að ná færni í lestri á erlendu tungumáli þarf þjálfun. Nemendur þurfa að tileinka sér nýjar aðferðir sem þeir nota lítið sem ekkert í lestri á móðurmálinu, t.d. að nota orðabækur hóflega en í staðinn að lesa á milli línanna og giska á þýðingu orða út frá samhengi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2007).

Ritun er líklega erfiðasti færniþátturinn og krefst hún mikillar þjálfunar. Í byrjun er ritað eftir ákveðinni forskrift. Síðar er gerð krafa um að nemendur geti ritað um það sem þeir hafi áhuga á og þekki af eigin raun. Gerð er krafa um flóknari setningagerð og breidd í orðaforða svo dæmi sé tekið. Nemendur eru þó alltaf bundnir við það að nota þann orðaforða sem þeir þekkja. Til að hjálpa nemendum af stað í ritun er mikilvægt að undirbúa þá vel, hafa þankahríð um efnið, búa til orðablóm með orðaforðanum o.s.frv. Tilhögun námsmats þarf að vera nemendum ljós til þess að þeir viti til hvers er ætlast af þeim, að hverju beinist áhersla verkefnisins o.s.frv. Leiðrétting ritunar er vandaverk og mikilvægt að hafa í huga að endurgjöfin gagnist nemendum (Aðalnámskrá grunnskóla, 2007).

Í lok kaflans um færniþætti í tungumálanámi í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2007 er fjallað um námsaðferðir, vinnubrögð og viðfangsefni. Þar er bent á að það að læra nýtt tungumál krefst nýrra aðferða og því mikilvægt að kennarinn sé nemendum leiðbeinandi við námið. Lögð er áhersla á fjölbreytni í vinnubrögðum og viðfangsefnum og að nemendur fái tækifæri til að þróa með sér þær námsaðferðir sem þeim henta best (Aðalnámskrá grunnskóla, 2007). Til þess að svo megi verða þurfa kennsluáðferðir kennara á sama hátt að vera fjölbreyttar og áhugahvetjandi.

### **1.1.5. Kennsluáðferðir**

Lengi vel var hin svokallaða málfræði- og þýðingaraðferð allsráðandi í tungumálakennslu hérlendis. Í aðferðinni fólst einkum að nemendur þýddu texta, ýmist af sínu móðurmáli yfir á markmálið eða öfugt, rituðu styttri eða lengri stíla og leggðu málfræðireglur og orðaforða á minnið. Undir lok 19. aldar og í upphafi hinnar 20. fóru menn að efast um notagildi aðferðarinnar og ýmsar aðrar kenningar og aðferðir ruddu sér til rúms. M.a. hin svokallaða beina aðferð sem segja má að sé nokkurs konar andstæða málfræði- og þýðingaraðferðarinnar. Beina aðferðin hafði það að meginmarkmiði að gera nemandann

færan til tjáskipta á erlenda málinu og áhersluröð færniþáttanna fjögurra snerist við. Nú var megin áhersla lögð á talað mál og skilning á mæltu máli, en minni áhersla á lestur og skrift (Auður Hauksdóttir, 2007:168).

Hin svonefnda tal- og hlustunaraðferð (*e. audiolingual*) sem byggðist á kenningum atferlissálfræðinnar varð síðan til upp úr miðri síðustu öld. Í henni er tungumálið kennt með endurtekningu og án þess að kafa djúpt ofan í byggingu málsins. Uppbygging eða form málsins var í aðalhlutverki og með endurtekningunni átti tungumálið í raun að komast í vana hjá nemandanum, án þess að dýpri skilningur á því hvað væri verið að læra lægi að baki. Þessi aðferð náði reyndar ekki viðlíka vinsældum í íslensku skólakerfi og hinar tvær fyrrnefndu (Auður Hauksdóttir, 2007:168-169).

Í eldri námskrám má sjá áhrif allra þessara aðferða og það er ekki fyrr en á seinni hluta síðustu aldar að verulegar áherslubreytingar verða hvað varðar þátt tjáskipta í tungumálakennslu. Með tilkomu tjáskiptaaðferðarinnar, sem stundum hefur verið nefnd tjáskiptanálgunin, varð til nýr hugsunarháttur í kennslu erlendra tungumála. Hugmyndafræði aðferðarinnar gengur út á að virkja tungumálið frá öllum hliðum og nálgunin því ekki eins þröng og einhæf og í fyrri aðferðum. Lögð er áhersla á að tungumálið lærist jafnt og þétt og færniþættirnir, sem og málfræðin, þjálfist jafnhliða. Eins og gefur að skilja er tjáskiptaaðferðin fremur vítt hugtak. Þó má segja að aðalmarkmiðið sé að nemendur læri að nota málið á markvissan og eðlilegan hátt og í mismunandi tilgangi. Meiri áhersla er lögð á flæði í tjáskiptum en áður tíðkaðist og í raun gert ráð fyrir að nemendur geri sig seka um einhverjar málvillur. Merking, innihald og samhengi hefur meira vægi en villulaus frásögn. Þá er í tjáskiptaaðferðinni lagt meira upp úr virkni nemenda en áður. Þar rímar aðferðin vel saman við hugmyndir manna um einstaklingsmiðað nám sem voru að ryðja sér til rúms um svipað leyti og tjáskiptaaðferðin (Auður Hauksdóttir, 2007:169-189).

En þótt nú séu rúm 30 ár frá því að áhrifa tjáskiptaaðferðarinnar fór að gæta í íslensku skólakerfi er ekki þar með sagt að tungumálanám hafi gjörbreyst frá þeim tíma. Breytingar gerast hægt og jafnvel þótt áherslur í Aðalnámskrá hafi breyst gætir áhrifa fyrri kenninga og

aðferða vísast enn í íslenskum skólastofum. Í rannsókn sem Auður Hauksdóttir gerði á árunum 1993 og 1994 mátti t.d. greinilega sjá að málfræði- og þýðingaaðferðin lifði þá enn góðu lífi í íslenskum skólastofum. Ein athyglisverðasta niðurstaða umræddrar rannsóknar, þar sem árangur nemenda á samræmdum prófum var borinn saman við kennsluhætti, er að árangur nemenda í bekkjum, þar sem tíðkaðist að tala dönsku, var mælanlega betri en árangur þeirra sem sjaldan eða aldrei töluðu dönsku (Auður Hauksdóttir, 2001:365). Í tjáskiptamiðaðri tungumálakennslu er mikið lagt upp úr því að kennsla fari fram á markmálinu. Einnig að kennarar nýti öll tækifæri til að nota markmálið og virki nemendur til að nota það en rannsóknir hafa samt sýnt að talsvert vanti upp á að málum sé þannig háttað í dönskukennslu hérlendis. Má þar t.d. nefna rannsókn sem Ósa Knútsdóttir gerði á árunum 2005 og 2006 til að kanna viðhorf dönskukennara í íslenskum framhaldsskólum til þjálfunar munnlegrar færni. Í henni kemur fram að kennarar telji enn vanta rétt verkfæri og aðstæður til að hægt sé að efla munnlega færni nægilega og almennt skorti talsvert á færni nemenda til eðlilegra tjáskipta á dönsku (Ósa Knútsdóttir, 2008:9-11).

## 1.2 Ástæður fyrir vali á rannsóknarefni

Þrátt fyrir að Íslendingar séu ekki lengur hluti af danska konungsríkinu, þá eru tengsl Íslendinga við sína fyrrum herraþjóð afar mikil. Mikill fjöldi Íslendinga býr í Danmörku og af þeim námsmönnum íslenskum sem stunda nám erlendis er tæpur helmingur, eða 43,5%, í Danmörku einni (Hagstofa Íslands, 2010). Eins og fram hefur komið hafa Íslendingar notið ákveðinna forréttinda í dönsku skólakerfi. Þeir hafa að flestu leyti haft sömu réttindi og væru þeir danskir þegnar. Vegna þess að danska hefur verið skyldufag í íslenskum skólum hafa þeir t.d. ekki þurft að taka kostnaðarsöm inntökupróf eða foráfanga í dönsku. Heldur hafa þeir getað sest beint á skólabekk rétt eins og innfæddir.

En er það svo að Íslendingar séu tilbúnir til að ganga beint inn í danska skólakerfið eins og um innfædda væri að ræða? Á vef Félags dönskukennara má sjá, í grein eftir Þórunni Ernu Jessen og Ingibjörgu S. Helgadóttur formann og varaformann félagsins, að Danir velja þessari spurningu reglulega fyrir sér. Samkvæmt greininni hefur Félagi dönskukennara borist fyrirspurn frá CIRIUS, sem er stofnun undir danska menntamálaráðuneytinu, um stöðu dönskukennslunnar á Íslandi. Fyrirspurnin er tilkomin vegna síendurtekinnar

spurninga frá dönskum háskólum til stofnunarinnar um stöðu dönskukennslu á Íslandi. Greinina rituðu Þórunn Erna og Ingibjörg til að vekja athygli á því að innan danska menntakerfisins er greinilega fylgst vel með hversu mikla dönsku íslensk ungmenni læra. Ekki er víst að íslenskir námsmenn hafi eins mikla möguleika í danska skólakerfinu í framtíðinni, ef áherslan á dönsku minnkar í íslenska skólakerfinu eins og útlit er fyrir með tilkomu nýrra laga um framhaldsskóla (Ingibjörg S. Helgadóttir og Þórunn Erna Jessen, 2009).

Í þessari rannsókn er spurningunni um það, hvort Íslendingar séu í stakk búnir til að setjast beint á skólabekk í dönskum háskólum, velt upp frá sjónarhóli þeirra sem slíkt hafa prófað. Hver er raunveruleg reynsla þeirra og hvernig nýttist það dönskunám sem þeir fengu í íslenskum skólum þegar á hólminn var komið? Þá eru danskir skólustjórnendur beðnir um að meta getu íslenskra námsmanna til að stunda nám á dönsku.

Þar sem þetta efni hefur einungis verið rannsakað einu sinni, og það fyrir þó nokkrum árum, langaði okkur að skoða þetta aftur og bæta við nýju sjónarhorni í þetta sinn.

### **1.3 Fyrri rannsókn**

Rannsókn sem Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku við Háskóla Íslands, gerði meðal íslenskra námsmanna í Danmörku árin 1999, 2002 og 2003 beinist að sömu rannsóknarefnum og þessi rannsókn. Þar kannaði Auður hvernig Íslendingunum gekk að stunda nám sitt alfarið á dönsku. Að hve miklu leyti þeir teldu að dönskunám þeirra á Íslandi hefði hjálpað þeim til að ná tökum á danskri tungu og hvernig þeir almennt mætu gæði dönskunámsins á Íslandi með tilliti til reynslu þeirra af því að lifa og starfa á danskri grundu. Rannsóknin var gerð með spurningalistakönnun og einnig voru innan hennar tekin viðtöl við nokkra einstaklinga sem höfðu verið við nám í tvö ár í Danmörku. Niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að um þriðjungur aðspurðra taldi sig vel undirbúinn til að stunda nám í Danmörku. Um það bil jafn stór hópur taldi sig vera illa undirbúinn í tungumálinu til að stunda nám á dönsku. Það sýndi sig í niðurstöðum þessarar rannsóknar að það var munur á áherslunum sem lagðar voru til grundvallar í dönskunámi þátttakenda og þess sem þeir þurftu að kunna í tungumálinu til að bjarga sér. Í þessari rannsókn kom líka í ljós að það tók íslenska nemendur stuttan tíma, eða um 3-6 mánuði, að geta alveg farið að tala



tungumálið. Við athugun á rannsókn Auðar er bent á að um er að ræða nám á háu stigi, háskóla- eða framhaldsmenntun. Enn fremur sýna niðurstöður rannsóknarinnar að færni í lestri á dönsku, skrift á dönsku og málfræði er fremur góð en að talfærni sé ábótavant. Þetta sést vel á virkri málnotkun svarenda könnunarinnar. Niðurstöðurnar sýna líka að vinna með orðaforða, fjölbreyttar æfingar um samfélagið og menningu Dana mættu vega hærra í dönskukennslu á Íslandi. Þrátt fyrir að rannsóknin sýni að talþjálfun í dönsku sé ábótavant sýndu niðurstöður að Íslendingunum gekk almennt vel í samskiptum við Dani. Hugsanlegt er að lítil trú á eigin getu hafi skekk niðurstöðurnar (Auður Hauksdóttir, 2005:157-170).

### **1.3.1. Hverju ætlum við að bæta við?**

Áður en lengra er haldið þurfum við að útskýra það sjónarhorn sem við notuðum í rannsókn okkar. Við lögðum upp með færniþættina fjóra, sem svo oft er stuðst við í tungumálakennslu, en þeir eru lestur, hlustun, skrift og tal. Við lestur og hlustun tekur nemandinn við og túlkar máláreiti, er óvirkur. Nemandinn mótar hins vegar sjálfur, við skrift og tal, það sem hann vill segja eða skrifa til að koma frá sér, er virkur.

Sérstaða þessarar rannsóknar er meðal annars sú að við tókum viðtöl við skólastjórnendur háskóla í Danmörku til að fá sjónarhorn Dana á dönskukunnáttu íslenskra nemenda.

## 2. Fræðilegt samhengi

Eina sambærilega rannsóknin sem gerð hefur verið á þessu efni er rannsókn Auðar Hauksdóttur sem getið er hér að framan. Það sem er athyglisvert við þessar tvær rannsóknir, okkar rannsókn og rannsókn Auðar, er að niðurstöðurnar eru mjög svipaðar. Sérstaka athygli vekur að á þeim tiltölulega langa tíma sem liðinn er frá því rannsókn Auðar var gerð hafa niðurstöðurnar ekki breyst talmálinu í hag. Rannsókn Auðar var sem fyrr segir gerð á árunum 1999, 2002 og 2003 (Auður Hauksdóttir, 2005:157-170) og þessi rannsókn er að öllu leyti unnin árið 2010. Vissulega er það einungis þessi eina rannsókn Auðar sem styður niðurstöður okkar rannsóknar, en það að niðurstöðurnar séu nokkurn veginn þær sömu hartnær 10 árum síðar hljóta að teljast merki þess að ekki sé allt með felldu í dönskukennslu á Íslandi. Þegar þessar niðurstöður eru skoðaðar sést að dönskukennsla á Íslandi þarf breytinga við. Talmálið og hinir virku þættir tungumálanáms þurfa að veða meira. Það verður þó að nefna, dönskukennslunni til varnar, að danskt talmál verður oft fremur ólíkt dönsku lesmáli þar sem Danir gera mikið af því að fella út stafi og endingar orða. Meðal annars af þessum sökum þykja þeir almennt tala fremur hratt. Í því sambandi má nefna að nýverið var gerð samanburðarrannsókn á talhraða Dana og Svía þar sem í ljós kom að Danir tala allt að 40% hraðar en Svíar. Því er ekki skrítið að erfitt geti reynst að skilja þá (Tingstrøm, 2009).

Danskir ríkisskólar eru enn bundnir af samningi milli Norðurlandanna um óheftan aðgang nemenda innan svæðisins (Norden, 1996). Hluti þeirra réttinda sem Íslendingar njóta í dönsku skólakerfi byggist á þeim kröfum sem gerðar eru um dönskukunnáttu íslenskra grunn- og framhaldsskólanema og koma fram í markmiðum Aðalnámskráa beggja skólastiga. Ef endurteknar rannsóknir sýna að íslenskir námsmenn standa ekki undir þessum kröfum hljótum við að spyrja okkur hvort ekki verði hætt á að við missum þau forréttindi að geta farið beint í nám í Danmörku þar sem við munum ekki teljast nógu fær í dönskunni.

### 3. Rannsóknin

Þessi kafli snýr að rannsókninni sjálfri og umgjörð hennar. Byrjað er á því að greina frá rannsóknarspurningunni og þeim svörum sem vonast var eftir. Þá er þeim aðferðum sem beitt var við öflun gagna gerð skil og sagt frá spurningalistakönnuninni. Í framhaldi af því koma bakgrunnsupplýsingar um þátttakendur í spurningalistakönnuninni. Því næst er komið að umfjöllun um þau viðtöl sem tekin voru við danska skólastjórnendur og kaflinn endar síðan á greiningu niðurstaðna.

#### 3.1. Rannsóknarspurningin

Rannsóknarspurningin var þessi: *Hvernig nýtist dönskukennsla í íslenskum skólum nemendum sem halda til Danmerkur til náms eða annarra starfa?*

Markmið þessarar rannsóknar var að leita raunverulegra upplýsinga um það meinta forskot sem Íslendingar hafa á nemendur utan Norðurlandanna þegar þeir koma til náms eða starfa í Danmörku.

Það skal upplýst og viðurkennt að vonir okkar stóðu til þess að rannsókn þessi myndi með óbyggjandi hætti sýna fram á gagnsemi dönskukennslu á Íslandi. Að íslenskir nemendur gætu staðið undir þeim væntingum sem danskt skólakerfi gerir til þeirra, þ.e. að þeir geti sest beint á skólabekk í dönskum háskólum og stundað nám á dönsku, án þess að þreyta sérstök inntökupróf eða taka fornám í dönsku líkt og nemendur utan Norðurlandanna þurfa að gera.

#### 3.2. Rannsóknin – aðferð

Rannsóknin var gerð með blandaðri aðferð. Annars vegar var lögð spurningalistakönnun fyrir Íslendinga sem höfðu dvalið um lengri eða skemmri tíma í Danmörku. Sá hluti rannsóknarinnar var unninn eftir meginlegri aðferðafræði. Hins vegar voru tekin opin viðtöl við skólastjórnendur sex menntastofnana á háskólastigi í Danmörku. Sá hluti rannsóknarinnar flokkast undir eigindlega aðferðafræði. Til að skýra aðeins muninn á meginlegri og eigindlegri aðferðafræði er kannski einfaldast að segja að meginlega

aðferðin snúist um það sem er mælanlegt með tölum og gildum en sú eigindlega snúi fremur að upplifun þess sem spurður er (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003:222).

Fljótt á litið er um algjörar andstæður að ræða. Áður fyrr var ekki algengt að menn blönduðu aðferðunum saman, en á síðari árum hefur það orðið æ algengara, sérstaklega á sviði félagsvísinda. Ástæða þess að rannsakendur hafa kosið að blanda saman aðferðunum er að með þeim hætti má oft öðlast betri skilning á því sem verið er að rannsaka. Í meginleggum rannsóknum, eins og spurningalistakönnun þessarar rannsóknar, er oftast ekki farið yfir víðara svið en í eigindlegum rannsóknum, en með eigindlegri nálgun má dýpka skilning rannsakandans á niðurstöðunum. Þær leyfa nákvæmari skoðun á því sem verið er að rannsaka (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003:228).

Vísindamenn eru vitanlega ekki á einu máli um hvaða aðferðir er farsælast að nota, en ákveðið var að fara þá leið við þessa rannsókn að meginuppistaðan yrði í formi spurningalistakönnunar. Með slíkum könnunum má safna miklum upplýsingum og fjölbreyttum gögnum á skömmum tíma sem kom sér vel í þessu tilfalli. Þá hafa fjölmargar rannsóknir sýnt fram á að réttmæti slíkra kannana er umtalsvert, þar sem skýr tengsl eru milli þess sem svarendur segjast aðhafast og þess sem þeir í rauninni gera (Þorlákur Karlsson, 2003:331). Með því að gefa þátttakendum kost á því að gefa nánari skýringar á svörum sínum í nokkrum tilfellum var vonast til að betri skilningur fengist á svörum þeirra og þannig nákvæmari upplýsingar.

Viðtölin sem tekin voru við hina dönsku skólastjórnendur voru síðan hugsuð til að fá aðra sýn á rannsóknarefnið. Sjá hlutina frá hinni hliðinni, ef svo má segja, og dýpka þannig skilning á efninu enn frekar.

### **3.2.1. Spurningalistakönnunin**

Spurningalistinn var nokkuð lengi að fæðast. Í fyrstu stóð til að hafa bæði opnar og lokaðar spurningar en að endingu var ákveðið að hafa engar opnar spurningar. Þess í stað var þátttakendum gefinn kostur á að gera athugasemdir eða nánari skýringar á nokkrum svörum. Með lokuðum spurningum er átt við að allir svarkostir séu fyrir fram gefnir og sá sem svarar verður þá að merkja við einn af þeim valkostum sem í boði eru. Alls voru

spurningarnar 19 talsins og hægt var að gefa nánari svör/skýringar við sex þeirra. Af þeim spurningum voru tvær hálflokaðar (*sp. 4 og 19*), en hálflokuðum spurningum má beita þegar svarmöguleikar eru ekki allir ljósir (Þorlákur Karlsson, 2003:339).


Gróflega má flokka spurningarnar á listanum í þrjá hluta. Fyrstu spurningarnar voru bakgrunnsupplýsingar; aldur og kyn, hve lengi viðkomandi hafði búið í Danmörku og hvers vegna. Því næst komu spurningar tengdar dönskunámi þátttakenda hér á landi. Spurningar um viðhorf til dönskunáms, námsárangur, áhuga á dönsku og hvort viðkomandi hafði einhverjar tengingar við Danmörku sem hjálpuðu við námið eða juku áhuga á því. Þá voru þátttakendur beðnir að rifja upp á hvaða færniþátt eða þætti mest áhersla var lögð í þeirra dönskunámi. Í þriðja hluta spurningalistans var að finna spurningar er lutu að dvöl þátttakenda í Danmörku. Þar var m.a. leitað svara við því hvernig gekk að ná tökum á dönskunni í byrjun. Hvort þátttakendur fóru í sérstakt dönskunám þegar til Danmerkur var komið, að hve miklu leyti samskiptin í þeirra skóla eða vinnustað fóru fram á dönsku. Hvort þeir byrjuðu strax að nota dönskuna til samskipta eða hvort þeir freistuðust til að grípa til ensunnar og hvað hjálpaði þeim mest til að komast inn í málið. Í þessum hluta var aftur vikið að færniþáttunum fjórum og forvitnast um hvort einhver þeirra reyndist erfiðari en annar til að byrja með.

Ákveðið var að forprófa spurningalistann á fimm einstaklingum. Forprófunin fór þannig fram að könnunin var send á viðkomandi einstaklinga, þeir beðnir að svara henni og gera athugasemdir ef einhverjar væru. Nokkrar ábendingar bárust sem komu að góðum notum og gerðar voru orðalagsbreytingar í framhaldi af því.

### **3.2.2. Þátttakendur í spurningalistakönnuninni**

Alls svöruðu 80 manns spurningalistanum, en listinn var sendur á 95 manns sem vitað var að hefðu stundað nám í Danmörku. Af þeim svöruðu 67 manns, eða rétt um 70%. Til að fá fleiri svör var könnunin send út til allra nemenda á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og beðið var um svör frá þeim sem hefðu stundað nám í Danmörku. Þegar 80 manns höfðu svarað var könnuninni lokað.


Kynjaskipting þátttakenda var nokkuð jöfn, 37 karlar og 43 konur. Sjá mynd 1.



Mynd 1

### Kynjaskipting þátttakenda

Þátttakendur voru einnig beðnir um að upplýsa á hvaða aldursbili þeir væru. Sjá nánar á meðfylgjandi mynd.




Mynd 2

### Aldursskipting þátttakenda

Yfir helmingur þátttakenda eða 55% var á aldrinum 20-30 ára. 16%, eða 13 manns, 20-25 ára og 39%, eða 31 manns, á aldrinum 26-30 ára. 21 þátttakandi, eða 27%, voru á aldrinum 31-35 ára og 8 manns, eða 10%, voru 36-40 ára. Þá voru 6 manns, eða 8% þátttakenda, 40 ára eða eldri.

Næsta spurning sem lögð var fyrir þátttakendur laut að því hve lengi þeir hefðu búið í Danmörku. Sjá mynd 3.




**Mynd 3**

### **Sýnir hve lengi svarendur bjuggu, eða hafa búið, í Danmörku**

Á mynd 3 má sjá að 18% þátttakenda hafa dvalið skemur en eitt ár í Danmörku, 29% hafa dvalið þar í 1-2 ár, 24% í 3-4 ár og 29% um 5 ára skeið eða lengur.

Einnig voru þátttakendur spurðir af hverju þeir hefðu flutt til Danmerkur. Á mynd 4 má sjá niðurstöðurnar.



**Mynd 4**

### Sýnir ástæður flutnings þátttakenda til Danmerkur

Á mynd 4 má sjá að 57% fluttu til Danmerkur vegna náms og 7% vegna atvinnu. Þá fluttu 17% þátttakenda vegna náms eða atvinnu maka og 19% merkja við valmöguleikann *annað*. Þeim þátttakendum sem merktu við *annað* var gefinn kostur á að gefa nánari skýringar á svörum sínum og nýttu allir sér þann möguleika. Fáar skýringar komu þó upp oftast en einu sinni. Þrír sögðust hafa búið ytra ásamt foreldrum sínum, sem var tíðasta skýringin.

### 3.2.3. Viðtöl við skólastjórnendur

Í tengslum við rannsóknina voru tekin viðtöl við sex skólastjórnendur skóla á háskólastigi í Danmörku, sem allir eiga það sameiginlegt að hafa reynslu af íslenskum námsmönnum. Þetta voru þau Karen Maigaard frá Odense Fagskole, Peter Frederiksen frá Aalborg Universitet, Annette Lund frá Aarhus Universitet, Claus Effersøe frá Arkitektskolen Århus, Leif Tvilum frá University College Lillebælt og Mette Nordal Reebirk frá Roskilde Universitet. Í kafla 4.2. er farið yfir spurningarnar sem lagðar voru fyrir þau og greint frá helstu svörum.



### 3.3. Greining niðurstaðna

Unnið var úr niðurstöðum spurningalistakönnunarinnar í Excel. Gerðar voru töflur og myndir með öllum spurningunum 19 og að auki greint frá niðurstöðum í formi stutts texta. Þá er farið yfir þær athugasemdir eða skýringar sem þátttakendum gafst kostur á að setja fram, en sá möguleiki var fyrir hendi í sex spurningum af 19 á listanum. Svörum dönsku skólástjórnendanna eru eingöngu gerð skil í formi texta.

Þess ber að geta að í spurningu 17 á spurningalistanum voru svarmöguleikarnir hugsanlega dálítið óljósir. Spurningin er svohljóðandi: Byrjaðirðu strax að tala dönsku, eða notaðirðu ensku eða annað tungumál til að byrja með? Svarmöguleikarnir voru einungis já eða nei. Nokkrar athugasemdir bárust um að já gæti allt eins þýtt að viðkomandi hefði notað ensku eða annað tungumál til að byrja með, þótt ætlast hefði verið til að fólk merkti við já ef það hefði byrjað strax á því að tala dönsku. Flestir þeirra sem gerðu athugasemd við spurninguna sögðu þó að þeir hefðu lagt sama skilning í svarmöguleikana og til var ætlast og enginn gat þess að hafa svarað á annan hátt. Þess vegna var ákveðið að hafa spurninguna með en skýra svarmöguleikana betur í súluritinu sem fylgir henni.

Reynt er að hafa samræmi í myndum sem fylgja með til skýringa og aðallega notast við súlurit. Þó eru tvær undantekningar á þeirri reglu, myndir 5 og 15, en við þær er notaður svokallaður kleinuhringur. Þetta var gert þar sem það mikla magn texta sem fylgir þessum myndum kemst betur til skila á þessu formi en á súluriti.

## 4. Helstu niðurstöður


Þessum kafla er skipt í tvo hluta. Í fyrri hlutanum, og þeim viðameiri, er farið yfir niðurstöður spurningalistakönnunarinnar, í nokkrum undirköflum. Í þeim seinni er farið yfir svör hinna dönsku skólastjórnenda við spurningunum sem fyrir þá voru lagðar.

### 4.1. Niðurstöður úr spurningalistakönnun

Hér er farið yfir svör þátttakenda lið fyrir lið. Byrjað er á því að fara yfir spurningar er snúa að dönskunámi þátttakenda hér á landi, en það eru spurningar 6-12 á listanum.

#### 4.1.1. Svör þátttakenda við spurningum um dönskunám á Íslandi

Fyrsta spurningin í þessum hluta og jafnframt sú sjötta á listanum í heild sinni varðar viðhorf til dönskukennslu. Niðurstöður má sjá á mynd nr. 5.




Mynd 5

#### Svör þátttakenda við spurningu 6

Á myndinni má sjá að mjög skiptar skoðanir eru meðal þátttakenda. 45% fannst dönskunámið mjög skemmtilegt eða í lagi en önnur 45% lögðu fæð á dönskunámið eða

fannst það fremur leiðinlegt. 10% þátttakenda taka ekki afstöðu og kjósa að haka við valmöguleikann *hvorki né*.

Í sjöundu spurningu listans voru þátttakendur beðnir að rifja upp og leggja mat á þá dönskukennslu sem þeir fengu í grunn- og framhaldsskólum hérlendis. Niðurstöðurnar má sjá á mynd nr. 6.




Mynd 6

### Svör þátttakenda við spurningu 7

Eins og sjá má á myndinni er meirihluti þátttakenda, eða 59%, óánægður með dönskukennslu sem þeir fengu hér á landi. 11% telja að kennslan hafi verið afleit og heil 48% þátttakenda telja að kennslan hafi ekki verið nægilega góð. 31% eru þeirrar skoðunar að kennslan hafi verið góð og 10% segja að hún hafi verið mjög góð. Þátttakendum var boðið að setja fram athugasemdir eða nánari útskýringar á svörum sínum við þessari spurningu og alls nýttu 25 þátttakendur sér þann möguleika. Margt athyglisvert kom fram í athugasemdunum, en algengustu umkvörtunarefnið sneru að því hve lítil áhersla var lögð á að tala og hlusta. Nokkuð margir nefndu sérstaklega að það hlustunarefni sem boðið var upp á, sem og sú danska sem kennarinn talaði í tímum, hefði ekki verið í neinu samræmi við það sem beið þátttakendanna þegar til Danmerkur var komið.

Þar sem ofangreindur athugasemdaleitur var áttundi liður spurningalistans var næsta spurning sú níunda í röðinni. Hún sneri að því að hve miklu leyti kennarar þátttakenda gerðu sér far um að tala dönsku í tímum. Sjá mynd 7.




**Mynd 7**

### **Svör þátttakenda við spurningu 9**

Svo virðist sem minnihluti kennara þátttakenda hafi talað dönsku í tímum. Eins og sjá má á myndinni svarar einungis lítið brot þátttakenda, eða 2%, því til að kennarar þeirra hafi alltaf talað dönsku í tímum, en 31% segja að kennarar þeirra hafi oft talað dönsku í kennslustundum. Næstum helmingur, eða 47%, segjast sjaldan hafa heyrt dönsku af munnni kennara sinna og tæpur fimmtungur, eða 19%, segist aldrei hafa heyrt kennara sinn mæla á dönsku. Einn þátttakandi (1,19%) treystir sér ekki til að svara og merkir við valmöguleikann man ekki. Þátttakendum var gefinn kostur á að gefa nánari skýringar við svör sín við þessari spurningu og 11 þátttakendur nýttu sér þann valmöguleika. Í máli þriggja af ellefu kom fram að kennarar þeirra í framhaldsskóla hefðu frekar brugðið fyrir sig dönskunni en grunnskólakennararnir, en annars voru athugasemdirnar almenns eðlis og helst frekari umkvartanir um þá litlu áherslu sem lögð var á talmálið.

Í næstu spurningu, lið nr. 11. á listanum, var leitað svara við því hve stór hluti þátttakenda hefði tekið viðbótarnám í dönsku hér á landi, þ.e. fleiri en sex einingar í framhaldsskóla. Niðurstöðurnar sjást á mynd nr. 8.




**Mynd 8**

**Svör þátttakenda við spurningu 11**

Hér má sjá að 37% þátttakenda tóku einingar umfram skyldunám í dönsku, en 63% létu sér skylduna eða minna nægja.

Í 12. spurningu listans var síðan komið að færniþáttunum fjórum og málfræðinni. Hér voru þátttakendur beðnir að rifja upp á hvern þessara þátta mest áhersla var lögð í þeirra dönskunámi. Spurningin var sett upp í töfluformi þar sem þátttakendur gátu merkt við hvern þátt á fjóra mismunandi vegu, allt frá því að mjög lítil áhersla hefði verið lögð á viðkomandi þátt til þess að mjög mikil áhersla hefði verið lögð á hann. Nánari skýringar má sjá á meðfylgjandi mynd.



**Mynd 9**

**Svör þátttakenda við spurningu 12**

Á mynd 9 má sjá að upplifun þátttakenda hvað varðar hlustun á dönsku í kennslustundum hefur verið mjög mismunandi. Tæpur helmingur, eða 48%, segir að mikil eða mjög mikil áhersla hafi verið lögð á þann færniþátt, 12% segja mjög mikil og 36% mikil. Rúmur helmingur, eða 52%, er hinsvegar á því að ekki hafi verið lögð mikil áhersla á hlustun í þeirra dönskunámi. 42% segja að áherslan hafi verið lítil og 10% mjög lítil.

Mikill meirihluti þátttakenda segir að mikil eða mjög mikil áhersla hafi verið lögð á skrift í þeirra dönskunámi, 56% segja að mikil áhersla hafi verið lögð á skrift og 29% mjög mikil. 15% telja að lítil áhersla hafi verið lögð á skrift en enginn vill meina að mjög lítil áhersla hafi verið lögð á þennan þátt.

Yfirgnæfandi meirihluti svarenda er á því að lítil eða mjög lítil áhersla hafi verið lögð á talað mál í þeirra dönskunámi. 43% merkja við litla áherslu og 53% mjög litla. Einungis 4% minnst þess að mikil eða mjög mikil áhersla hafi verið lögð á þennan færniþátt. 2% segja mikil áhersla og önnur 2% segja mjög mikil áhersla.


Mikill meirihluti þátttakenda segir að mikil eða mjög mikil áhersla hafi verið lögð á lestur í þeirra dönskunámi. 52% segja að áherslan hafi verið mikil og 41% mjög mikil. Einungis 7% eru þeirrar skoðunar að lítil áhersla hafi verið lögð á lestrarþáttinn í þeirra námi og enginn telur að mjög lítil áhersla hafi verið lögð á lesturinn.

Þá minnst yfirgnæfandi meirihluti svarenda þess að mikil eða mjög mikil áhersla hafi verið á málfræði í dönskunáminu. 62% segja að mikil áhersla hafi verið lögð á þann þátt og 35% mjög mikil. Einungis 2% svarenda telja að lítil áhersla hafi verið lögð á málfræðiþáttinn og enginn telur að mjög lítil áhersla hafi verið lögð á málfræðina.

#### **4.1.2. Svör þátttakenda við spurningum um veruna í Danmörku**


Fyrstu tvær spurningarnar í þessum lið voru nokkurs konar bakgrunnsspurningar. Í þeirri fyrri, 13. spurningu listans, spurðum við hve langur tími leið frá því að dönskunámi þátttakenda lauk þar til þeir fluttu til Danmerkur. Valmöguleikarnir voru settir upp á kvarða, þar sem hægt var að velja milli fjögurra þrepa: 0-2 ár, 3-5 ár, 6-9 ár og 10 ár eða meira. Í þeirri seinni, 14. spurningu listans, var spurt hvort þátttakendur hefðu haft

einhverjar sérstakar tengingar við Danmörku áður en þeir fluttu þangað. Niðurstöðurnar má sjá á myndum 10 og 11.



Mynd 10

Svör við spurningu 13




Mynd 11

Svör við spurningu 14

Í spurningu 14 gátu þátttakendur gefið skýringar á þeim tengingum við Danmörku sem þeir höfðu. Skemmst er frá því að segja að allir þeir sem höfðu einhverjar danskar tengingar nýttu sér þann valkost. Tengingarnar voru eðlilega misjafnlega miklar eða sterkar. Langalgengast var að þátttakendur ættu skyldfólk sem var búsett í Danmörku, en einhverjir höfðu eignast danska vini eða kærustur/kærasta.

Fyrsta spurningin sem sneri beinlínis að veru þátttakenda í Danmörku var númer 16 á spurningalistanum. Hún snerist um það hvort þátttakendur hefðu farið í formlegt tungumálanám fyrir útlendinga eftir að til Danmerkur var komið. Svörin má sjá á næstu mynd.



**Mynd 12**


### **Svör við spurningu 16**

Á mynd 12 má sjá að 23% svarenda sáu ástæðu til þess að sækja sér viðbótarnám í dönsku við komuna til Danmerkur, en 77% ekki.

17. spurningin á listanum var sett fram til að kanna hvort svarendur hefðu strax byrjað að tala dönsku við komuna til Danmerkur, eða hvort þeir hefðu notað ensku eða ef til vill eitthvert annað tungumál til að byrja með. Niðurstöðurnar sjást á mynd 13.



**Byrjaðirðu strax að tala dönsku eða notaðirðu ensku eða annað tungumál til að byrja með?**




**Mynd 13**

**Svör við spurningu 17**

Hér má sjá að 70% þátttakenda sneru sér beint að því að tala dönsku, en hin 30% þátttakendanna studdust við ensku eða annað tungumál fyrsta kastið.

Í 18. spurningu listans var leitað svara við því hvaða tungumál var mest notað til samskipta í skóla, eða á vinnustað, þátttakenda. Niðurstöðurnar sjást á næstu mynd.

**Fór kennslan/samskiptin í þínum skóla/vinnustað fram á dönsku?**




**Mynd 14**

**Svör við spurningu 18**

Af mynd 14 má ráða að svo virðist sem danska hafi í flestum tilvikum verið það tungumál sem þátttakendur notuðu til samskipta í námi sínu og starfi í Danmörku. Yfir helmingur svarenda, eða 54%, segja að danska hafi verið eina samskiptamálið. 20% segja að samskiptin hafi að mestu farið fram á dönsku. 15% segja að samskiptin hafi farið fram bæði á ensku og dönsku en 11% segja að enska hafi verið aðal samskiptamálið.

Í 19. spurningu var spurt hvað hefði hjálpað svarendum mest við að komast inn í málið. Á mynd 15 má sjá niðurstöðurnar.




Mynd 15

### Svör við spurningu 19

Næstum helmingur, eða 48%, segir að samtöl við vinnu- eða skólafélaga hafi hjálpað þeim mest við að komast inn í málið. 23% telja að áhorf á sjónvarp eða mynddiska hafi komið að mestu gagni. 14% segja að blaðalestur hafi hjálpað þeim mest við að komast inn í dönskuna. 6% nefna útvarpshlustun og 3% lestur greina og þess háttar á netinu. Þá merkja 6% þátttakenda við valmöguleikann *annað*. Svarendum var gefinn kostur á að segja frá því um hvað annað væri að ræða. 25 manns nýttu sér það en mikið af athugasemdunum voru eins og nánari svör við þeim svarmöguleikum sem fólk merkti við. T.d. tilgreindu sumir sem höfðu merkt við sjónvarp, hvaða sjónvarpsþætti þeim fannst best að horfa á. Nefndu

sumir barnaefni í því sambandi. Þá greindu þrír, sem höfðu svarað því til að samtöl við vinnu- eða skólafélaga hefðu verið þeim mesta hjálpin, frá því að fyrst um sinn hefði ekki verið um eiginleg samtöl að ræða, því samskiptin af þeirra hálfu hefðu nær eingöngu verið í formi hlustunar. Einn þessara þriggja sagðist t.a.m. ekki hafa sagt danskt orð fyrstu sex mánuðina sem hann dvaldi í landinu.

Í spurningu 21 var aftur komið að færniþáttunum fjórum og málfræðinni. Svarendur voru beðnir um að rifja upp og leggja mat á hversu lengi þeir voru að ná tökum á hverjum þætti fyrir sig, eftir að til Danmerkur var komið. Spurningin var sem fyrr sett upp í töfluformi þar sem þátttakendur gátu merkt við hvern þátt á fjóra mismunandi vegu. Allt frá því að mjög lítil áhersla hefði verið lögð á viðkomandi þátt til þess að mjög mikil áhersla hefði verið lögð á hann. Nánari skýringar má sjá á meðfylgjandi mynd.



Mynd 16

Svör við spurningu 21

Niðurstöðurnar á mynd 16 sýna að næstum helmingur, eða 48% svarenda, segist hafa verið frekar fljótur að ná tökum á hlustun eða skilningi á mæltu máli. 19% til viðbótar segjast hafa verið mjög fljótir að ná tökum á þessum þáttum. Þannig að samtals hafa um 2/3 hluti þátttakenda verið fljótir eða fremur fljótir að ná skilningi á talaðri dönsku. 25% þátttakenda segjast hafa verið frekar lengi að ná tökum á hlustun/skilningi á mæltu máli og 6% til viðbótar kveðjast hafa verið mjög lengi að venjast hinu mæltu máli. Enginn kveðst þó ekki enn hafa náð tökum á því og enginn merkir heldur við valmöguleikann *man ekki/vil ekki svara*.


Samtals 64% þátttakenda telja sig hafa verið fljóta eða mjög fljóta að ná tökum á því að skrifa á dönsku, 25% tala um mjög stuttan tíma og 39% stuttan tíma. 20% þátttakenda segjast hafa verið frekar lengi að ná tökum á því að skrifa á dönsku og 6% kveðjast hafa verið lengi að ná tökum á skriftinni. 3% telja sig ekki enn hafa náð tökum á því að skrifa dönsku og 3% kjósa að svara ekki spurningunni. 16% svarenda segjast hafa verið mjög fljótir að ná tökum á að tala dönsku. Heil 40% segjast hafa verið fljót að ná tökum á þeirri færni, sem þýðir að yfir helmingur þátttakenda, eða samtals 56%, virðist ekki hafa átt í vandræðum með að tjá sig á dönsku. 29% svarenda segjast á hinn bóginn hafa verið frekar lengi að ná tökum á dönsku talmáli og 16% segjast hafa verið lengi að öðlast færni í að tjá sig á dönsku. Enginn telur sig ekki enn hafa náð tökum á þessum færniþætti og enginn þátttakenda kys að svara ekki.

Yfirgnæfandi meirihluti svarenda var fljótur eða mjög fljótur að ná færni í að lesa dönsku. 61% segja það hafa tekið mjög stuttan tíma að ná tökum á lestrinum og 35% segja það hafa tekið stuttan tíma. Enginn þátttakandi segist hafa verið frekar lengi að ná tökum á lestri en 1% segist hafa verið lengi að ná lestrarfærni og 1% til viðbótar telur sig ekki enn hafa ná fullum tökum á því að lesa dönsku. 1% þátttakenda kys að svara ekki.

Þegar kemur að málfræði segjast 13% þátttakenda hafa verið mjög fljót að öðlast fullnægjandi færni og 44% frekar fljót. 24% þátttakenda kveðjast hafa verið fremur lengi að ná tökum á danskri málfræði og 7% segjast hafa verið lengi að ná tökum. Heil 6% þátttakenda telja sig ekki enn hafa náð fullum tökum á málfræðinni og 3% kjósa að svara ekki.

### 4.1.3. Áherslur í dönskunámi þátttakenda, í ljósi reynslu þeirra af því að lifa og starfa í Danmörku

Í spurningu 22 er enn komið inn á færniþættina fjóra og málfræðina. Leitað er eftir skoðun þátttakenda á því hvaða færniþátt þeir hefðu helst viljað að lögð hefði verið áhersla á í dönskunáminu á Íslandi, í ljósi reynslu þeirra af því að takast á við alla þessa þætti í Danmörku, við raunaðstæður. Hér var notaður merkingagreiningakvarði (*e. semantic differential*), (McMillan, 2008:169-171) þar sem þátttakendur voru beðnir að meta hvern þátt fyrir sig og merkja við frá 1 og upp í 5, þar sem 1 merkti að næg áhersla hefði verið lögð á viðkomandi þátt en 5 merkti að þjálfun á viðkomandi færniþætti hefði verið ábótavant.



Mynd 17

#### Svör við spurningu 22

Hér má sjá að næstum helmingur þátttakenda, eða 46%, merkir við 5 við hlustun og telur því að þjálfun í hlustun og skilningi á mæltu máli hafi verið ábótavant. 13% telja að næg áhersla hafi verið lögð á þennan þátt og merkir þar með við 1. 13% til viðbótar merkja við 2

sem þýðir að þeir þátttakendur eru nokkuð sáttir við hve mikil áhersla var lögð á hlustun í þeirra dönskunámi. 9% merkja við 3 og 17% merkja við 4.


24% þátttakenda telur að næg áhersla hafi verið lögð á skrift í þeirra dönskunámi og merkir þar með við 1. Einungis einn þátttakandi (1,25%) telur að ekki hafi verið lögð næg áhersla á skriftarþáttinn. 20% merkja við 2 og eru þá vísast fremur sáttir við þann sess sem skriftin skipaði í þeirra námi. 35% merkja við miðjumöguleikann, 3, og 18% merkja við 4 og eru þá væntanlega þeirrar skoðunar að gera hefði mátt skriftinni hærra undir höfði.

Það blasir við að töluverður meirihluti þeirra sem tóku þátt í könnuninni telja að þjálfun í dönsku talmáli hafi verið ábótavant. Alls merkja 65% þátttakenda við þann valmöguleika. 10% þátttakenda eru sáttir við þann sess sem talmálið skipaði í þeirra dönskunámi og merkja þar með við 1. 3% svarenda virðast fremur sáttir og merkja við 2, 6% merkja við 3 og 15% við 4.

24% þátttakenda eru á því að næg áhersla hafi verið lögð á lestur í þeirra dönskunámi og merkja þess vegna við 1. 30% virðast fremur sáttir og merkja við 2. 20% merkja við 3 og 17% við 4. Einungis 6% þátttakenda telja að þjálfun í lestri hafi verið ábótavant og merkja við 5.

Þegar kemur að málfræðinni telja 34% þátttakenda að næg áhersla hafi verið lögð á hana í þeirra námi. 24% þátttakenda virðast nokkuð sáttir við þann sess sem málfræðin skipaði í dönskunáminu og merkja við 2. Við miðjuvalmöguleikann, 3, merkja 26% þátttakenda, 8% merkja við 4 og eru þá fremur ósáttir við hve lítil áhersla var lögð á danska málfræði í þeirra námi og 5% telja að málfræðikennslu hafi verið ábótavant.

Í spurningu 23 var spurt hvort þátttakendur teldu að sá orðaforði sem lagður var til grundvallar í dönskunámi þeirra á Íslandi hefði verið í samræmi við það sem almennt þarf að kunna til að eiga dagleg samskipti við Dani. Niðurstöðurnar má sjá á mynd nr. 18.



Mynd 18

### Svör við spurningu 23

Á mynd 18 má glögglega sjá að næstum 2/3 hluti þátttakenda, eða 64%, telja orðaforðann ekki hafa verið í samræmi við það sem þarf að kunna til að eiga dagleg samskipti við Dani. 36 % eru hins vegar á því að orðaforðinn sem kenndur var í íslenskum skólum hafi dugað þeim vel þegar út í alvöruna var komið.

Síðasta spurningin á spurningalistanum sneri síðan að því hvort þátttakendur teldu að eitthvað sérstakt hefði vantað í þeirra dönskunámi. 57% svöruðu því játandi en 43% neitandi. Þátttakendur gátu gefið nánari skýringar á svörum sínum við þessari spurningu og er betur komið að þeim í umræðukaflanum hér á eftir.

## 4.2. Niðurstöður úr viðtölum við skólastjórnendur

Fyrstu tvær spurningarnar sem lagðar voru fyrir Danina voru frekar almenns eðlis og vörðuðu fjölda íslenskra námsmanna sem að meðaltali stundaði nám við skólana og hve mikil samskipti stjórnendurnir sem við töluðum við höfðu haft við íslenska námsmenn. Þá var einnig komið inn á fjölda námsmanna frá hinum Norðurlöndunum, að Danmörku undanskilinni vitanlega. Svörin við þessum vangaveltum voru mjög mismunandi. Sumir stjórnendanna höfðu ekki upplýsingar um fjölda íslenskra námsmanna á takteinum. Einn skólinn hefur að jafnaði einungis 2-3 Íslendinga í námi á ári hverju en allir hinir gátu státað

af talsvert fleiri íslenskum námsmönnum. Til að mynda stunda yfir hundrað Íslendingar nám við Aarhus Universitet, að sögn Annette Lund deildarstjóra við skólann. Hinar spurningarnar sneru allar að dönskukunnáttu Íslendinganna og hæfni þeirra til að stunda nám á dönsku, að mati skólastjórnendanna.

Þriðja spurningin sem lögð var fyrir hina dönsku skólastjórnendur var hvort þeir teldu að sú dönskukunnátta sem íslenskir námsmenn hefðu yfir að ráða þegar þeir settust á skólabeck í Danmörku kæmi þeim yfirleitt að einhverjum notum og þá jafnframt hvort þeir hefðu í raun eitthvert forskot á aðra erlenda námsmenn sem stunduðu nám á dönsku. Hér voru viðmælendur beðnir að flokka aðra erlenda námsmenn í tvo hluta, annars vegar nemendur frá hinum Norðurlöndunum og hins vegar nemendur annars staðar að úr heiminum. Fimm af sex viðmælendum töldu að Íslendingarnir hefðu nokkurt forskot á nemendur utan Norðurlandanna, mismikið þó. Einn fullyrti að í langflestum tilvikum væru þeir nemendur sem krafðir væru um að fara í sérstakt fornám í dönsku orðnir fremri Íslendingunum í dönsku að því loknu. Fornámið í hans skóla er ein önn, eða tæpir fimm mánuðir. Allir viðmælendur voru á því að Íslendingar stæðu Norðmönnum, Svíum og Færeyingum yfirleitt talsvert að baki þegar kæmi að dönskukunnáttunni. Enda töluðu Færeyingar mjög góða dönsku og þekkt væri að Norðmenn, Svíar og Danir skildu hverjir aðra ágætlega. Allir viðmælendur utan einn töldu að Grænlandingar væru Íslendingunum fremri í dönskunni. Einn sagðist merkja ákveðna afturför í dönskufærni hjá grænenskum nemendum og mat það svo að líklega stæðu Grænlandingar og Íslendingar nokkuð jafnir á því sviði um þessar mundir. Skólastjórnendurnir töldu allir að yfirleitt væru íslenskir námsmenn betur undir það búnir að læra á dönsku en Finnar, enda væri finnskan það ólík dönskunni. Það var líka sérstakt umhugsunarefni hjá tveimur stjórnendanna að jafnvel þótt margir Finnar töluðu og skildu sænsku ágætlega, virtust þeir ekki skilja dönskuna. Ólíkt Svíunum sjálfum.

Í fjórðu spurningu var leitað svara við því hvort íslenskir námsmenn byrjuðu strax að nota dönsku til tjáskipta eða hvort þeir notuðust við annað tungumál til að byrja með. Skólastjórnendurnir voru allir á því að það væri nánast eins misjafnt og námsmennirnir væru margir. Flestir voru þó á því að Íslendingarnir væru nokkuð duglegir að reyna að tjá sig á dönsku og skilja hana en enskan væri yfirleitt ekki langt undan fyrsta kastið. Þrír stjórnendur létu þess getið að það væru ekki síður Danirnir sem skiptu yfir í enskuna, í



tjáskiptum sínum við Íslendingana, enda væru þeir oft ekki mjög þolinmóðir hlustendur eins og einn orðaði það.

Í fimmtu spurningu var enn og aftur vikið að færnipáttunum fjórum og viðmælendur spurðir hvort þeir hefðu orðið varir við minni færni í einhverjum þáttum umfram aðra hjá íslenskum námsmönnum. Fjórir af sex viðmælendum okkar nefndu að það væri áberandi hve danskur framburður vefðist fyrir Íslendingunum, jafnvel þeim sem væru mjög vel færir um að skilja, lesa og skrifa málið. Hinir tveir sögðust varla geta gert upp á milli þessara þátta því Íslendingarnir væru yfirhöfuð fremur slakir í dönsku til að byrja með. Annar sagði þó að skriftin væri líklega slakasti þátturinn hjá þeim íslensku námsmönnum sem hann hefði verið í samskiptum við. Báðir tóku það sérstaklega fram að Íslendingarnir væru yfirleitt orðnir ágætir í dönsku eftir nokkra mánuði og eftir 1-2 ár væru þeir oftast en ekki orðnir mjög frambærilegir og stæðu flestum öðrum en Dönnum framur á því sviði.

Í sjöttu og síðustu spurningu var sjónum beint að því hvort skólastjórnendurnir teldu yfirhöfuð að það dönskunám sem Íslendingar fengju á Íslandi réttlætti það að þeir gætu sest beint á skólabekk í Danmörku án þess að taka sérstakt inntökupróf eða foráfanga í dönsku. Skoðanir stjórnendanna á því voru nokkuð skiptar. Þrír þeirra töldu að það væri réttlætanlegt. Enda væru Íslendingarnir yfirleitt duglegir að bjarga sér og nokkuð fljótir að komast inn í málið jafnvel þótt þeir ættu í dálitlum vandræðum til að byrja með. Tveir töldu að það væri varla réttlætanlegt þar sem íslenskir námsmenn væru yfirleitt slakari í dönsku en þeir erlendu námsmenn sem skikkaðir væru í fornám í dönsku. Annar þeirra sagðist setja Íslendinga í flokk með Finnum þegar kæmi að kunnáttu og færni í dönsku en Finnar þyrftu að þreyta sérstakt inngöngupróf í hans skóla. Hinn sagði að þetta fyrirkomulag væri mjög umdeilanlegt þar sem Íslendingarnir væru alls ekki í stakk búnir til þess að stökkva beint inn í háskólanám á dönsku og þeir þyrftu töluverða aðstoð umfram aðra til að byrja með. Til að mynda fengju þeir lengri próftíma fyrsta námsárið. Einn skólastjórnendanna sagðist ekki treysta sér til að leggja mat á þetta atriði. Hann gat þess þó að hann vissi til þess að í hans skóla hefði verið uppi umræða um að setja Íslendingum og Grænlandingum einhvers konar inntökuskilyrði en þeir hefðu hingað til notið sömu réttinda og Danir í skólanum.

## 5. Umræður

Í þessum kafla er farið yfir helstu niðurstöður þessarar rannsóknar og það sem helst vakti athygli reifað. Kaflanum er skipt í fimm undirkafla þar sem fyrst er tekið fyrir viðhorf þátttakenda til dönskunámsins á Íslandi og því næst hvernig þeim gekk að komast inn í dönskuna eftir að til Danmerkur var komið. Í þriðja undirkaflanum er fjallað um færniþættina fjóra, í þeim fjórða eru dregnar ályktanir og í fimmta og síðasta undirkaflanum er athugað hvort svar hafi fengist við rannsóknarspurningunni sem á að bera ritsmíð þessa uppi.

### 5.1. Viðhorf til dönskukennslu – dönskunám á Íslandi

Rannsóknir á tungumálanámi hafa sýnt að áhugi nemenda er lykilþáttur í því að þeir nái árangri. Sýnt hefur verið fram á að jafnvel góðir námsmenn sem fá góða og vel uppbyggða kennslu ná ekki tilskyldum árangri í tungumálanámi, sé áhuginn ekki til staðar. Að sama skapi hefur verið sýnt fram á að slakari námsmenn geta í krafti áhuga síns náð afbragðs árangri í tungumálanámi (Ósa Knútsdóttir, 2008:9-11).

Í þessari rannsókn var hlutfallið milli þeirra sem þótti gaman í dönsku í skóla og þeirra sem þótti danskan leiðinlegt fag nokkuð jafnt. Í því samhengi er þó rétt að líta til þess að aldursdreifing þátttakenda var nokkuð mikil. Ætla má að nokkrar breytingar hafi verið gerðar á dönskukennslu hérlendis á síðustu árum í takt við nýjar áherslur í Aðalnámskrá og þær áherslur á munnlega færni sem fylgja samstarfssamningi Dana og Íslendinga um stuðning við dönskukennslu hérlendis. Af athugasemdunum, sem þátttakendur gerðu, má ráða að það eru fyrst og fremst þeir sem eldri eru sem gera verulegar athugasemdir við dönskunámið hérlendis. Rennir það stoðum undir það að dönskukennslan sé almennt orðin skemmtilegri og áhugaverðari en áður var. Það vekur reyndar nokkra athygli að einungis 41% þátttakenda telja að dönskukennslan sem þeir fengu hérlendis hafi verið góð eða mjög góð, en það eru heldur færri en segjast hafa haft jákvætt viðhorf til dönskunnar sem námsgreinar.

Þetta leiðir hugann að gæðum og áherslum í dönskukennslu hérlandis. Það er sérstakt umhugsunarefni að býsna margir þátttakendur geta þess í athugasemdum að þeim hafi gengið vel í dönsku í skóla og talið sig frambærilega í málinu en samt hafi þeim gengið illa að gera sig skiljanlega á danskri tungu þegar þeir komu til Danmerkur. Það getur varla verið ásættanlegt að nemendur sem hafa verið í dönskunámi í fimm ár eða meira, og staðið sig vel samkvæmt þeim viðmiðum sem hér eru sett, upplifi svo mikil vandræði þegar þeir ætla að beita fyrir sig dönskunni. Í þessu sambandi er vert að benda á að nokkuð margir þátttakendur í könnuninni, eða alls 30 af 80 (37%), tóku fleiri en sex einingar í dönsku í framhaldsskóla (*einingar umfram skyldu*). Það ætti að benda til þess að þeim hafi gengið vel í dönsku á íslenskan mælikvarða.

Um gæði dönskunáms á Íslandi má sjálfsagt lengi deila. Það má þó ráða af niðurstöðum þessarar rannsóknar, að misstyrkur sá, er endurspeglast í upplifun þeirra sem glíma við dönskuna í Danmörku, sé í beinu samhengi við þær áherslur sem lagðar eru til grundvallar í dönskunámi hérlandis. Niðurstöður Auðar Hauksdóttur frá því fyrir um 10 árum síðan sýna illu heilli svipaða niðurstöðu. Því er ekki að sjá að miklar áherslubreytingar hafi orðið á dönskukennslu undanfarin ár þrátt fyrir mikla umræðu fagmanna og aukna áherslu á þátt hins talaða máls í kennslunni. Eða í það minnsta í umgjörð um dönskukennslu. Í umræðum um færniþættina fjóra er vikið nánar að þessu atriði.

## 5.2. Færniþættirnir fjórir

Eins og áður hefur verið getið er talað um fjóra færniþætti í tungumálanámi; lestur, skrift, tal og hlustun. Lögð er áhersla á að nemendur fái fullnægjandi þjálfun í hverri færni fyrir sig og engin þeirra sé afskipt. Í Aðalnámskrá frá árinu 2007 er áherslum á talmál í fyrsta sinn skipt upp í tvo undirþætti, annars vegar samskiptafærni og hinsvegar frásagnarfærni (Aðalnámskrá grunnskóla, 2007).

Það má glögglega sjá á svörum þátttakenda í spurningakönnuninni, sem og samtölum við hina dönsku skólastjórnendur, að Íslendingar eiga í talsverðum vandræðum með að tjá sig munnlega á dönsku. Þetta er í samræmi við þær áherslur sem virðast hafa vera lagðar til grundvallar í dönskunámi þátttakenda hér á landi. 94% þátttakenda sögðu að lítil eða mjög

lítil áhersla hefði verið lögð á talþjálfun í þeirra dönskunámi og 67% sögðust hafa verið frekar lengi eða lengi að ná tökum á þessum færniþætti eftir að til Danmerkur var komið. Þegar þátttakendur voru spurðir að því hvaða færniþætti þeir hefðu helst viljað fá meiri þjálfun í, á skólagöngu sinni hér á landi, kemur skorturinn á talþjálfun einnig glögglega í ljós. Þátttakendur voru beðnir um að merkja við tölur frá 1 upp í 5, þar sem 1 merkti að næg áhersla hefði verið lögð á viðkomandi þátt en 5 merkti að þjálfun á viðkomandi færniþætti hefði verið ábótavant. 78% þátttakenda merkti við valmöguleikana 4 og 5 þegar spurt var um áherslur á talað mál.

Á sama hátt má sjá fylgni milli áherslu á lestur í dönskukennslu og lestrarhæfni þátttakenda. 92% þátttakenda segja að mikil eða mjög mikil áhersla hafi verið lögð á lestur í þeirra dönskunámi og 96% segjast hafa þurft stuttan eða mjög stuttan tíma til að ná tökum á lestrinum eftir að til Danmerkur var komið. Þó ber á það að líta að almennt er viðurkennt að lestur sé sá þáttur dönskunnar sem auðveldastur er okkur Íslendingum. Enda mörg orðanna lík á prenti þótt þau kunni að hljóma framandi úr munni hraðmæltra Dana.

Ekki er alveg eins greinileg fylgni milli áherslu á skrift og hlustun/skilning á mæltu máli og þess hve lengi þátttakendur töldu sig vera að ná tökum á þeim þáttum en hún er þó talsverð. 84% þátttakenda sögðu að mikil eða mjög mikil áhersla hefði verið lögð á skrift í þeirra dönskunámi en 64% segjast hafa þurft stuttan eða mjög stuttan tíma til að ná góðum tökum á þeim þætti. Í viðtölum okkar við skólastjórnendur kom einnig fram nokkur gagnrýni á skriftarfærni íslenskra námsmanna á danskri tungu. Þær athugasemdir koma nokkuð á óvart í ljósi þess hve mikil áhersla virðist hafa verið lögð á skriftarþáttinn í dönskunámi þátttakenda. Af þessum sökum var ákveðið að spyrja skólastjórnandann sem gerði athugasemd við skriftarfærnina nánar út í þetta atriði og hann áréttaði að Íslendingar væru í sjálfu sér ágætir í grunnatriðum í danskri skrift en þeir ættu í talsverðum vandræðum með að skrifa lengri ritgerðir og þess háttar.

48% þátttakenda sögðu að mikil eða mjög mikil áhersla hefði verið lögð á hlustun/skilning á mæltu máli í dönskunámi þeirra en 67% segjast hafa þurft stuttan eða mjög stuttan tíma til að ná tökum á þessum færniþætti. Þótt fylgnin þarna á milli sé ekki afgerandi má benda á

að þetta er líklega sá þáttur sem mesta örvun fær við komuna til Danmerkur. Þar sem danskan hljómar skyndilega allt um kring og því ekki óeðlilegt að þeir sem setjast að í Danmörku nái fljótlega sæmilegum skilningi á mæltu máli, hafi þeir einhvern grunn í málinu til að byggja á.

### 5.3. Hvernig gekk í Danmörku?

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á því hvernig fólk lærir nýtt tungumál og fjöldi kenninga um það efni hafa litið ljós í tímans rás. Eitt af því sem hefur verið rannsakað sérstaklega er hæfni innflytjenda til að aðlagast nýju málumhverfi, en Íslendingar eru að sönnu innflytjendur í Danmörku. Þeir njóta þess þó sem Norðurlandabúar að á þá er litið sem jafningja á flestum sviðum hinnar opinberu stjórnsýslu.

Á það hefur verið bent að það létti nemendum tungumálanám ef þeir hafi einhverja tengingu við markmálið, þeir sjái þá frekar einhvern tilgang með því að læra það. Félagsmálfræðingurinn Robert C. Gardner hefur t.d. sett fram kenningar um að markmið og tilgangur gegni lykilhlutverki í máltileinkun einstaklinga. Hann bendir í því sambandi á þann hvata sem felst í því fyrir innflytjendur að læra tungumál þess lands sem þeir setjast að í. Gardner talar um tvönn konar hvata í því sambandi. Annars vegar það sem hann nefnir verktengdan hvata (*e. instrumental motivation*), sem hann tengir m.a. við vilja innflytjenda til að læra málið í þeim tilgangi að afla sér betri atvinnutækifæra. Hins vegar það sem hann nefnir aðlögunartengdan hvata (*e. integrative motivation*), sem Gardner tengir löngun innflytjenda til að samlagast sínu nýja samfélagi og verða gildir þegar þess (Birna Arnbjörnsdóttir, 2007:18).

Í þessu samhengi er áhugavert að líta til þess að þrír af sex skólastjórnendum sem tóku þátt í rannsókninni gátu þess sérstaklega, að fyrra bragði, að þeir Íslendingar sem hefðu haft einhvers konar tengingar við Danmörku, t.d. átt ættingja eða vini sem voru búsettir þar, hefðu oftast en ekki staðið betur að vígi í tungumálinu. Þeir hefðu líka verið duglegri að reyna að glíma við það en þeir sem engar tengingar höfðu. 43% þátttakenda í rannsókninni sögðust hafa tengst Danmörku á einhvern hátt áður en þeir settust þar að og er það til marks um þau miklu samskipti sem eru milli landanna. Þeir sem einhverjar tengingar höfðu við Danmörku áður en þeir settust þar að gáfu allir nánari skýringar á tengingunum. Sumir gátu

Þess einmitt að tengingarnar hefðu aukið áhuga þeirra á að læra málið, sem rennir stoðum undir fyrrgreindar kenningar Gardners.

Það er augljóst að erfitt er að meta það út frá svörum þátttakenda í þessari könnun hversu vel íslenskum námsmönnum gengur almennt að ná tökum á danskri tungu og nota hana við daglega iðju. Enda er mat manna á eigin færni afar misjafnt. Sumum finnst þeir kunna allt, meðan aðrir efast sífellt um eigin getu. Eigi að síður ættu svör þátttakenda að gefa ákveðnar vísbendingar um það hvernig dönskunám hérlendis nýtist þegar á hólminn er komið.

Um 70% þátttakenda segjast strax hafa tekið til við að tala dönsku meðan hin 30% notuðust við ensku eða annað tungumál. Svipað hlutfall segist hafa verið í skóla eða vinnu þar sem samskipti fóru alfarið eða að mestu fram á dönsku þannig að leiða má að því líkum að tengsl séu þarna á milli.

Þegar spurt var hvað það hefði verið, sem hjálpaði þátttakendum í könnuninni mest að komast inn í málið, svöruðu 47% því til að samtöl við skóla- eða vinnufélaga hefðu gert mest gagn og 23% nefndu áhorf á sjónvarp eða mynddiska. Þetta er í samræmi við það að meirihluti þátttakenda taldi að of lítil áhersla hefði verið lögð á hlustun og tal, í dönskunámi þeirra.

Það er líka athyglisvert að býsna stór hópur þátttakenda lætur þess getið í athugasemdum að þeir hafi komist að raun um það að dönskukunnátta þeirra var, þegar á hólminn var komið, meiri en þeir töldu. Þeir hafi haft sig hæga til að byrja með, oft vegna feimni og vantrúar á eigin getu, en eftir dálítinn tíma hafi þeir verið komnir á nokkuð gott skrið. Þetta passar við svör skólastjórnendanna sem rætt var við, en þrír af sex gátu þess sérstaklega að íslenskir námsmenn væru oftast en ekki mun betri í dönsku en þeir virtust til að byrja með. Einnig kemur þetta heim og saman við rannsóknir Auðar Hauksdóttur sem fjallað er um í kafla 1.3. hér að framan.

## **5.4. Okkar ályktanir**

Af niðurstöðum þessarar rannsóknar má því miður ráða að eitt og annað sé athugasvert við dönskukennslu á Íslandi. Það er áhyggjuefni að enn virðast Íslendingar eiga í sömu vandræðum með ákveðna færniþætti dönskunnar og komu í ljós í rannsókn Auðar

Hauksdóttur frá árunum 1999-2003. Því er eðlilegt að sú spurning vakni, hvort einhver ástæða sé til að kenna tungumál sem fólki virðist ganga svo illa að ná tókum á.

Þessari spurningu var reyndar varpað fram í sölum Alþingis um miðjan 10. áratuginn og nokkur umræða skapaðist um það hvort ekki væri réttast að leggja dönskukennslu á Íslandi alfarið niður. Vangaveltur íslenskra þingmanna bárust dönskum ráðamönnum til eyrna og málið var tekið upp á danska þinginu. Í kjölfar þess ákvað danska ríkisstjórnin að veita fé til stuðnings dönskukennslu á Íslandi.

Fyrsti samningurinn milli Íslands og Danmerkur um sérstakan stuðning við dönskukennslu á Íslandi var undirritaður árið 1996. Sá samningur var í gildi til ársins 2000 og á samningstímanum kostuðu Danir verkefnið að öllu leyti. Með nýjum samningi árið 2000 var kveðið á um mótframlag Íslendinga og á honum hafa frekari samningar verið byggðir (Birna María Svanbjörnsdóttir, María Steingrímsdóttir og Trausti Þorsteinsson, 2006:5).

Samningarnir hafa hingað til gilt í fjögur ár í senn og er sá nýjasti í gildi til 31. júlí 2011. Í gildandi samningi er gert ráð fyrir að Danir leggi verkefninu til 2,5 milljónir danskra króna á ári, en Íslendingar 6 milljónir íslenskra króna (Menntamálaráðuneytið, 2007). Það er því ljóst að vilji Dana til að viðhalda dönskukennslu á Íslandi er umtalsverður. Hinir miklu fjármunir sem þeir hafa lagt til inn í íslenskt skólakerfi á undanförunum 15 árum hljóta að hafa komið að einhverjum notum. Fjárstuðningurinn er nýttur á grunn-, framhalds- og háskólastigum og lýtur m.a. að námsefnisgerð, endurmenntun kennara og sérstökum stuðningi við kennaranema sem hyggja á dönskukennslu svo fátt eitt sé nefnt. Eitt af meginmarkmiðum þessa samstarfsverkefnis er að auka munnlega færni Íslendinga í dönsku. Í því ljósi er fremur dapurlegt að niðurstaða þessarar rannsóknar beri ekki betri vott um samskiptahæfni Íslendinga á danskri tungu en raun ber vitni.

Á móti má spyrja hvort vilji íslenskra stjórnvalda til að viðhalda dönskukennslu hér á landi sé jafn áþreifanlegur. Áður er lýst þeim áhyggjum sem Félag dönskukennara hefur af stöðu dönskunnar í íslensku menntakerfi, og koma m.a. fram í grein Þórunnar Ernu Jessen og Ingibjargar S. Helgadóttur (Ingibjörg S. Helgadóttir og Þórunn Erna Jessen, 2009). Eins má benda á staðreyndir eins og þær að ekki er skylda að hefja dönskunám fyrr en í 7. bekk, í

stað 5. bekkjar áður. Þessi breyting varð árið 1999 þegar enskan velti dönskunni formlega úr sessi sem fyrsta erlenda tungumálið sem kennt er í íslenskum skólum (Aðalnámskrá grunnskóla, 1999).

Þá má einnig velta því fyrir sér hvort þær kröfur sem gerðar eru til íslenskra ungmenna um dönskukunnáttu, samkvæmt Aðalnámskrá, séu einfaldlega óraunhæfar. Sé litið til námsmarkmiða við lok 10. bekkjar, annars vegar í dönsku og hins vegar í ensku, er ekki að sjá mikinn mun (Aðalnámskrá grunnskóla, 2007). Þó dylst engum að staða dönskunnar í íslensku málsamfélagi er allt önnur en enskunnar. Enskan heyrir allt um kring og er stór hluti daglegs lífs obba íslenskra skólabarna. Enskan er í tölvunni, sjónvarpinu, útvarpinu og tónhlöðunni (*iPod*) meðan danskan heyrir nær eingöngu í skólastofunni. Ef þá þar. Þegar við bætist að íslensk ungmenni byrja í flestum tilvikum að læra ensku a.m.k. tveimur árum fyrir en dönsku er varla hægt að halda því fram að raunhæft sé að markmiðin séu svo áþekk.

Jafnvel þótt markmið í Aðalnámskrá kunni að vera eilítið háleit er ekki hægt að líta fram hjá því að ýmislegt virðist hafa verið athugavert við dönskukennslu hérlandis í gegnum tíðina. Ekki verður hér heldur mælt til þess að kröfur til íslenskra nemenda um dönskukunnáttu verði minnkaðar, síður en svo. Miklu frekar er það von okkar að þróunin verði á þann veg að betur takist að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru í Aðalnámskrá. Til þess að svo megi verða verður að velta því fyrir sér hvort íslensk fræðsluyfirvöld hafi um of dregið úr vægi dönskunnar og áherslunnar séu hugsanlega ekki lengur í samræmi við markmiðin.

Góðir hlutir gerast hægt, segir máltækið og kannski er það svo að áhrifa samstarfsverkefnisins við danska ríkið sé ekki enn farið að gæta nægilega. Ekki er heldur hægt að segja með vissu hve stór hópur þátttakenda í þessari rannsókn stundaði dönskunám hérlandis eftir að samstarfið komst á. Miðað við aldursskiptingu þátttakenda ætti þó u.þ.b. helmingur að hafa stundað eitthvert dönskunám hér á landi s.l. 15 ár. Þó hefur sennilega ekki nema að hámarki 16% svarenda stundað dönskunám á Íslandi á síðustu 5-10 árum. Á því tímabili hefur áherslum samningsins verið breytt og meira verið gert til að efla munnlega færni.



Samningurinn er endurskoðaður á fjögurra ára fresti og í úttekt á síðasta tímabili, 2003-2006, kemur fram mikil gagnrýni á þá kennsluhætti sem viðhafðir eru í grunnskólum. Þeir eru sagðir gamaldags og einhæfir og allt of lítil áhersla lögð á virkni nemenda. Þeir séu viðtakendur en ekki gerendur. Í þessu samhengi er sérstaklega hvatt til aukinnar endurmenntunar dönskukennara í grunnskólum, einkum með tilliti til munnlegrar færni. Enda veiti samningurinn umtalsverð tækifæri til þess, sem og til þróunar- og umbótastarfa á sviði dönskukennslu á grunn- og framhaldsskólastigum (Birna María Svanbjörnsdóttir, María Steingrímsdóttir og Trausti Þorsteinsson, 2006:2). Það er von okkar sem verðandi dönskukennara að þetta samstarf haldist enn um sinn og vonandi dregur næsta úttekt á samningnum upp jákvæðari mynd af dönskukennslu hér á landi. Ef ekki, þá verður að okkar mati full þörf á því að bera aftur upp spurninguna sem ýtti við Dönum fyrir 15 árum síðan; er eitthvert vit í því að kenna Íslendingum tungumál sem þeir ráða illa við?

## **5.5. Var rannsóknarspurningunni svarað?**

Tilgangur þessarar rannsóknar var að fá einhverja hugmynd um það, að hve miklu leyti sú dönskukennsla sem Íslendingar fá í grunn- og framhaldsskólum hér á landi nýtist þeim sem fara til náms og starfa í Danmörku. Hér hefur verið rakið að Íslendingar njóta þess í krafti norræns samstarfs að geta sest beint á skólabeck í opinberum háskólum án þess að þurfa að gera sérstaklega grein fyrir dönskukunnáttu sinni. Spurningin var hvort þeir væru virkilega í stakk búnir til þess. Það má lesa út úr niðurstöðunum, bæði úr spurningakönnuninni og viðtölum við danska skólastjórnendur, að sá dönskugrunnur sem Íslendingar hafa meðferðis til Danmerkur eftir skólagöngu á Íslandi nýtist á vissan hátt. Skólastjórnendur höfðu t.d. orð á því að eftir 1-2 ár væru Íslendingar oftari en ekki orðnir flestum útlendingum fremri í dönskunni. Hins vegar sýna niðurstöðurnar bersýnilega að Íslendingar eru ekki nægilega vel undirbúnir til tjáskipta og verulegur skortur er á munnlegri færni.

## 6. Lokaorð

Eins og vikið er að í upphafi þessarar ritsmíðar, var það von okkar að geta með óyggjandi hætti sýnt fram á gagnsemi dönskukennslu á Íslandi. Við erum að útskrifast sem dönskukennarar og okkar einlæga ósk er vitanlega sú að vegur dönskunnar verði sem mestur í íslensku skólakerfi um alla framtíð. Áður en við settumst við skrifin þekktum við þau réttindi sem íslenskir námsmenn hafa notið í Danmörku. Einnig var okkur kunnugt um þann stuðning sem dönsk yfirvöld veita íslensku skólakerfi vegna dönskukennslu. Okkur lék forvitni á að vita hvernig Íslendingar stæðu undir þeim væntingum sem til þeirra væru gerðar. Það verður að segjast eins og er að niðurstöður rannsóknarvinnunnar eru okkur ákveðin vonbrigði. Við höfðum vonast til þess að geta sýnt fram á betri stöðu en rannsóknir Auðar Hauksdóttur í kringum síðustu aldamót sýndu. Sérstaklega í ljósi sérstaks stuðnings Dana við dönskukennslu og þeirrar auknu áherslu sem við töldum að lögð hefði verið á munnlega færni síðustu 10-15 árin.

Það er að okkar mati alveg ljóst að Íslendingar standa ekki enn undir þeim væntingum sem til þeirra eru gerðar um dönskukunnáttu, þegar kemur að því að nota málið í raunverulegum aðstæðum. Sú takmörkun sem enn virðist vera á hæfni Íslendinga til tjáskipta á danskri tungu er óneitanlega áhyggjuefni. Á það ber þó að líta að hugsanlega gætir áhrifa stuðnings Dana til dönskukennslu hér á landi ekki að fullu enn. Ekki er heldur hægt að alhæfa um gildi stuðningsins út frá niðurstöðum okkar, þar sem einungis hluti okkar þýðis stundaði nám í dönsku hér á landi eftir að samkomulagið við Dana komst á. Þá lýtur hluti stuðningsins að munnlegri hæfni kennaranema sem hyggjast leggja fyrir sig dönskukennslu. Ekki liggur fyrir hve stór hópur dönskukennara á landinu hefur útskrifast eftir að samningurinn komst á.

Í ljósi niðurstaðna okkar teljum við að breytinga sé þörf í dönskukennslu hvort sem er á grunn-, framhalds- eða háskólastigi. Það er von okkar að ritsmíð þessi verði öðrum til gagns og umhugsunar um nauðsyn þess að breyta áherslum í dönskukennslu og verði þannig lóð á vogarskálar þeirra sem vilja gera dönskukennslu á Íslandi hagnýtari.

# Heimildaskrá

*Aðalnámskrá framhaldsskóla*. Erlend tungumál. 2004. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

*Aðalnámskrá grunnskóla*. Erlend tungumál. 1999. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

*Aðalnámskrá grunnskóla*. Erlend tungumál. 2007. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Aldís Guðmundsdóttir. (1997). *Sálfræði- vöxtur og þroski*. 2. útg. Reykjavík: Mál og menning.

Auður Hauksdóttir. (2005). Hvorfor undervises der i dansk i Island. Í Auður Hauksdóttir, Jørn Lund og Erik Skyum-Nielsen (ritstj.) *Ordenes slotte: om sprog og litteratur i Norden*. Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Auður Hauksdóttir. (2001). *Lærerens strategier – Elevernes dansk. Dansk som fremmedsprog i Island*. Kaupmannahöfn: Nordisk Ministerråd.

Auður Hauksdóttir. (2007). Straumar og stefnur í tungumálakennslu. Í Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir (ritstj.) *Mál málanna: Um nám og kennslu erlendra tungumála*. Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Birna Arnbjörnsdóttir. (2007). Kenningar um tileinkun og nám annars máls og erlendra mála. Í Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir (ritstj.) *Mál málanna: Um nám og kennslu erlendra tungumála*. Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Birna María Svanbjörnsdóttir, María Steingrímsdóttir, Trausti Þorsteinsson. (2006). *Stuðningur við dönsku kennslu. Dansk – íslenskt samstarfsverkefni 2003-2006*. Sótt 5. apríl 2010 af [http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/donskukennsl\\_2003\\_2006.pdf](http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/donskukennsl_2003_2006.pdf)

Chomsky, Noam (2000). *New Horizons in the Study of Language and Mind*. Cambridge: University of Cambridge.

*Ferðamálastofa* (2010). Erlendir gestir um Leifsstöð 2003-2009. Sótt 22. mars 2010 af [http://www.ferdamalastofa.is/displayer.asp?cat\\_id=503](http://www.ferdamalastofa.is/displayer.asp?cat_id=503)

*Hagstofa Íslands* (2010). Nemendur í námi erlendis eftir löndum, almennum sviðum náms og kyni 1997-2008. Sótt 3. mars 2010 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=783&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO04107%26ti=Nemendur+%ED+n%E1mi+erlendis+eftir+l%F6ndum%2C+almennum+svi%F0um+n%E1ms+og+kyni+1997%2D2008%26path=../Database/skolamal/hsNemendur/%26lang=3%26units=fj%F6ldi>

Ingibjörg S. Helgadóttir og Þórunn Erna Jessen. (2009, 29.september). Staða dönskukennslu á Íslandi. *Morgunblaðið*.

*Keflavíkurflugvöllur*. (2010). Brottfarir. Sótt 15. mars 2010 af <http://www.kefairport.is/Flugaaetlun/Brottfarir/>

McMillan, J.H.. (2008). *Educational Research: Fundamentals for the Consumer* (5. útgáfa). USA: Pearson Education, Inc.

*Menntamálaráðuneytið*. (2007). Danskt-íslenskt samstarfsverkefni um stuðning við dönskukennslu á Íslandi. Sótt 3.apríl 2010 af <http://brunnur.stjr.is/mrn/logogregl.nsf/FF6C260B2319251D002567BA004D88CB/0E3B6C8FEEC66CD100257292004D5D10?OpenDocument>

*Menntamálaráðuneytið*. (2001). Tungumálakönnun. Sótt 3.apríl 2010 af <http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/Menntskyrsla.pdf>

*Norden*. (1996). Adgang til videregående uddannelse, sept. 3 1996. Sótt 15. mars 2010 af <http://www.norden.org/is/um-samstarfith/samningar/samningar/menntun-og-rannsoknir/tilltraede-till-hoegre-utbildning-sept.-3-1996>

- Ósa Knútsdóttir. (2008). Nu taler vi dansk. *Málfríður, tímarit samtaka tungumálakennara á Íslandi*, 24(1), 9-11. Sótt 30. mars 2010 af <http://malfridur.ismennt.is/>
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar og meginlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.) *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Tingstrøm, M.B. (2009). *Danskerne taler hurtigere end svenskerne*. Sótt 18. apríl 2010 af [http://videnskab.dk/content/dk/kultur/danskerne\\_taler\\_hurtigere\\_end\\_svenskerne](http://videnskab.dk/content/dk/kultur/danskerne_taler_hurtigere_end_svenskerne)
- Tornberg, Ulrika. (2001). *Sprogdidaktik*. Kaupmannahöfn: Alinea.
- Þorlákur Karlsson. (2003). Spurningakannanir: Uppbygging, orðalag og hættur. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.) *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Puríður Jóna Jóhannsdóttir. (e.d.). *Um félagslega hugsmíðahyggju (Social-Constructivism)*. Sótt 17. apríl 2010 af <http://mennta.hi.is/vefir/ust/tjona/hugsmid.htm>

# Fylgiskjal 1

Spurningalistakönnun



Könnun á gagnsemi dönskukennslu á Íslandi

1. Kyn?

Karl

Kona

2. Aldur?

20-25 ár

26-30 ár

31-35 ár

36-40 ár

40 og eldri


3. Hversu lengi bjóstu/hefurðu búið í Danmörku?

- Skemur en eitt ár
- 1-2 ár
- 3-4 ár
- 5 ár eða meira

4. Hvers vegna fluttirðu til Danmerkur?

- Vegna náms
- Vegna atvinnu
- Vegna náms eða atvinnu maka
- Annað

5. Ef þú merktir við annað í spurningunni að ofan máttu gjarnan tilgreina ástæðurnar hér.




6. Hvaða viðhorf hafðir þú til dönskunáms?

- Mér fannst mjög gaman í dönsku
- Mér fannst dönskunámið í lagi
- Hvorki né
- Mér fannst frekar leiðinlegt í dönsku
- Ég hataði dönsku

7. Telur þú að kennslan sem þú fékkst í grunn- og framhaldsskóla hafi verið...

- Mjög góð
- Góð
- Ekki nógu góð
- Afleit


8. Athugasemdir:



9. Töluðu kennarar þínir í grunn- eða framhaldsskóla dönsku í kennslustundum?

- Alltaf       Oft       Sjaldan       Aldrei       Man ekki

10. Athugasemdir:



11. Tókstu fleiri en sex einingar í dönsku í framhaldsskóla?

- Já       Nei

12. Það er talað um fjóra færniþætti þegar kemur að tungumálanámi; lestur, skrift, hlustun og tal.

Inn í þessa þætti viljum við bæta málfræðinni þegar við spyrjum eftirfarandi spurninga.

Á hvern þessara þátta var lögð mest áhersla í þínu námi?

	Mjög mikil	Mikil	Lítill	Mjög lítill
Hlustun	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Skrift	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Tal	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Lestur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Málfræði	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

13. Hversu langur tími leið frá því dönskunámi þínu lauk þar til þú fluttir til Danmerkur?

- 0-2 ár       3-5 ár       6-9 ár       10 ár eða meira




## Nú koma nokkrar spurningar varðandi veru þína í Danmörku

14. Hafðirðu einhverja tengingu við Danmörku áður en þú fluttir út (vini/fjölskyldu o.s.frv.)?

Já

Nei

15. Ef þú svaraðir spurningunni á undan játandi máttu gjarnan tilgreina hvaða tengingu þú hafðir



16. Fórstu í eitthvað formlegt tungumálanám fyrir útlendinga í Danmörku?

Já

Nei

17. Byrjaðirðu strax að tala dönsku eða notaðirðu ensku eða annað tungumál til að byrja með?

Já

Nei

18. Fór kennslan/samskiptin í þínum skóla/vinnustað fram á dönsku?

Já alfarið

Já, að mestu

Bæði dönsku og ensku

Mest á  
ensku

19. Hvað hjálpaði þér mest við að þjálfra málið?

Að hlusta  
á  
útvarp

Að  
horfa á  
sjónvarp og blaða  
DVD


Lestur

Að  
lesa greinar við vinnu-  
og fleira á netinu  
eða  
skólafélaga

Annað

20. Ef þú áttir erfitt með að gera á milli þáttanna að ofan máttu skýra það nánar hér.

Eins máttu gjarnan tilgreina nánar ef þú hakaðir við annað.



21. Hvað telur þú að það hafi tekið þig langan tíma að komast inn í dönskuna eftir að þú fluttir til Danmerkur? Hér spyrjum við aftur um færniþættina fjóra og málfræði og biðjum þig að rifja upp og merkja við

eftir því sem við á (og minnið leyfir).

22. Í ljósi reynslu þinnar, á hvaða færniþátt hefðirðu viljað að lögð væri mest áhersla

í þeirri kennslu sem þú fékkst á Íslandi?

Merkið við frá 1-5, þar sem 5 merkir að þú hefðir viljað leggja mun meiri áherslu

á viðkomandi þátt en 1 merkir að þú teljir

að næg áhersla hafi verið lögð á viðkomandi þátt.

	1	2	3	4	5
Hlustun	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Skrift	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Tal	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Lestur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Málfræði	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

23. Telur þú að orðaforðinn sem lagður var til grundvallar í skólanum sé í samræmi við það sem fólk þarf almennt

að kunna í málinu til daglegs lífs og samskipta við Dani?

Já


Nei

24. Fannst þér eitthvað sérstakt vanta?

Já

Nei

25. Ef þér fannst eitthvað sérstakt vanta máttu gjarnan tilgreina það hér.



Vinsamlegast ýtið á lokið (græni hnappurinn til hægri) til að senda svörin.  
Kærar þakkir fyrir þátttökuna.

Hætta

## Fylgiskjal 2

Spurningar til skólastjórnenda

1. Hvor mange islandske elever har I ca. normalt om året? Og hvilken slags kontakt har du med dem?

2. Hvor mange nordiske elever har I ca. om året?

3. Synes du at den dansk de Islandske studenter kommer med fra Island er til nytte hos eleverne? Altså synes du at de har noget forspring til de andre udlændinge (dvs. undtagen elever fra de andre nordiske lande)?

4. Har du lagt mærke til, om de Islandske elever går hurtigt i gang med at bruge dansk eller bruger de et andet kommunikations sprog i begyndelsen, fx. engelsk?

5. I dansk undervisningen i Island taler man meget om de fire færdigheder, dvs; tale, lytte, skrive og læse. Kan du mærke mangel på nogen bestemt færdighed? Dvs. er det noget de Islandske elever er tydeligvis dårligere til end andet, når det gælder det danske sprog?

6. Med henhold til de Islandske studenter du har erfaring med og deres sprogfærdighed, synes du det er retfærdigt, at Islændingerne ikke behøver at bevise sin sprogfærdighed på forhånd når de ansøger om et studieophold på videregående uddannelsesinstitutioner i Danmark?